SKATTAPARADÍS ÁSTÞÓRS

■ Frítt húsnæði fyrir ellilífeyrisþega

BERNARD GUFAÐI UPP Í VESTMANNAEYJUM

Voru Marokkómennirnir viðriðnir hvarfið?

3. ÁGÚST 2018 / 30. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

Helga Sóley hleypur í eigið brúðkaup

Steinunn Sædal sérðist í Írak

EKKI SAMA MANNESKJAN EFTIR AÐ ÉG KOM HEIM

■ Hrifin af Donald Trump ■ Ræktar íslenska hesta í San Diego

Truflaði frímerkja-þjóf

Fréttamaður myrti konu við Miklubraut

KÚTARNIR HVERFA

■ Grillþjófagengi í Úlfarsárdal



Frægir segja frá:

Eftirminnilegasta verslunarmannahelgin

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR ehf.
Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

RECARO
Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX | AIR CIRCULATION SYSTEM | LIGHT WEIGHT | ECE NORM R 44/04 | HERO | ISO FIX | ADVANCED SIDE PROTECTION | 3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Dalrún J. Eygerðardóttir sagnfræðingur.


Teikning eftir Guðbrand Ásmundsson myndlistarmann (f. 1927–d. 2008) sem ber heitið Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn.

DALRÚN LEITAR AÐ RÁÐSKONUM

Leitar að ráðskonum frá árabilinu 1950 til 2000

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is

Dalrún J. Eygerðardóttir sagnfræðingur leitar nú að konum sem störfuðu sem ráðskonur í sveitum landsins. Um er að ræða doktorsverkefni Dalrúnar í sagnfræði við Háskóla Íslands sem ber heitið Huldufreyjur: Ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar. Er hún sérstaklega að leita að konum sem störfuðu sem ráðskonur á árabilinu 1950 til 2000. Dalrún segir í samtali við DV að meginmarkmiðið sé að rannsaka og skrá sögu þessara kvenna.

„Ráðskonur eiga sér langa sögu í íslensku samfélagi en hún hefur lítt eða ekkert verið rannsökuð. Það er því tímabært að skoða nánar sögu ráðskvenna á fræðilegum forsendum. Áhuga minn á þessu málefni má fyrst rekja til almenns áhuga míns á kvennasögu, og þegar ég sá að þessi viðamikli hópur íslenskra kvenna í íslenskri atvinnusögu var afskiptur nánast með öllu í okkar sögu, þá lá beint við að hefjast handa," segir Dalrún.

Fjárhagslegt úrræði síns tíma

Rannsóknin er í grunnatriðum tvíþætt. Annars vegar að leita svara við því hvers vegna konur gerðust ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar þegar þær höfðu mun fleiri atvinnutækifæri en áður. Hins vegar að skoða starfsvettvang ráðskvenna og upplifun þeirra af starfinu. Segir Dalrún að unnið sé út frá þeirri tilgátu að stærsti einstaki hópur íslenskra ráðskvenna í sveit á síðari hluta 20. aldar hafi verið einstæðar mæður, og að ráðskonustarfið megi að hluta til túlka sem félagslegt úrræði einstæðra mæðra á þessum tíma.

Þar sem ekkert hefur verið fjallað um störf íslenskra ráðskvenna þá er um frumrannsókn að ræða sem krefst viðamikillar yfirferðar á skriflegum heimildum. Er hún því að skoða opinber gögn, æviminningar, en rannsóknin snýr fyrst og fremst að viðtölum við konur sem störfuðu sem ráðskonur á umræddum tíma. „Það er skemmtilegt frá að segja að nú þegar hafa margar ráðskonur haft samband við mig og ég hef tekið viðtöl við stóran hluta þeirra. Hins vegar er þörf á að fá upplýsingar frá fleiri ráðskonum og því biðla ég til kvenna sem starfað hafa sem ráðskonur á síðari hluta 20. aldar að hafa samband við mig." Biður Dalrún því konur sem störfuðu sem ráðskonur á árabilinu 1950 til 2000 að hafa samband við hana í síma 664-7083 eða í tölvupósti dalrunsaga@gmail.com. ■

Síðustu orðin

„Ekki voga ykkur að biðja Guð að hjálpa mér."
– Leikkonan Joan Crawford (23.3. 1905–10.5. 1977)

Á þessum degi, 3. ágúst

1031 – Ólafur II Noregskonungur er tekinn í dýrlingatölu.

1527 – Fyrsta bréf, svo vitað sé, er sent frá Norður-Ameríku, af John Rut frá St. John's á Nýfundnalandi.

1914 – Þýskaland segir Frakklandi stríð á hendur.

1936 – Bandaríkjamaðurinn Jesse Owens ber sigurorð af keppinautum sínum í 100 metra sprett-hlaupi á Ólympíuleikunum í Berlín árið 1936.

1960 – Afríkuríkinu Níger hlotnast sjálfstæði frá Frakklandi.

Kjarvalsstóllinn

HÖNNUN: SVEINN KJARVAL
Hannaður 1962

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

epal

Ómeðhöndluð eik með leðursessu kr. 99.500.-
Olíuborin eik með leðursessu kr. 107.500.-
Svartlituð eik með leðursessu kr. 107.500.-

Ástþór Magnússon býður íslenskum ellilífeyrisþegum frítt húsnæði á Portúgal:

„MÖRGUM SEM ÞYKIR ÞETTA HLJÓMA OF GOTT TIL AÐ VERA SATT“

Óðinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is

Nýjar skattareglur í Portúgal og tvísköttunarsamningur við Ísland gerir ellilífeyrisþegum kleift að flytja lögheimili sitt til Portúgal og fara í 0% tekjuskatt,“ svona hljómar tilboð sem fyrirtækið Valhalla býður íslenskum ellilífeyrisþegum. Athafnamaðurinn og forsetaframbjóðandinn fyrrverandi Ástþór Magnússon fer fyrir fyrirtækinu hér á landi og er samkvæmt heimasíðu fyrirtækisins framkvæmdastjóri markaðssviðs.

„Við erum nýbyrjaðir að kynna þetta og þetta fer bara vel af stað. Auðvitað er mörgum sem þykir þetta hljóma of gott til að vera satt en ég bendi fólki bara á að kynna sér málið,“ segir Ástþór Magnússon í samtali við DV.

> Fyrirtækið hefur fest kaup á samtals 180 íbúðum á Algarve.

Allir geta keypt sér íbúð

Á heimasíðu Valhalla, núna.is, býðst Íslendingum tvenns konar tilboð sem sagt er að henti flestum Íslendingum. Annað tilboðið er fyrir fólk sem þiggur ellilífeyri og snýr að skattafslætti. „Ellilífeyrisþegar geta flutt skattalegt heimilisfesti til Portúgal og fá þá tekjurnar sínar frá Íslandi greiddar skattfrítt. 0% skattur þökk sé tvísköttunarsamningi Íslands og Portúgal. Skattasparnaðurinn greiðir niður íbúðina,“ segir á vefnum nuna.is

Fyrirtækið býður öðrum Íslendingum einnig upp á að kaupa íbúðir sem að sögn Ástþórs eru seldar langt undir markaðsvirði. „Kaupin greiðast niður með leigu til eftirlaunþega í 7–9 mánuði á ári. Þú nýtur íbúðarinnar í frístundum,“ segir á heimasíðu fyrirtækisins.

Ástþór segir Portúgala hafa breytt skattalögjöfinni til að laða að efnaða ellilífeyrisþega. „Þessi leið var farin til þess að hleypa lífi í efnahagslífið í Portúgal eftir erfiða tíma. Þeir ná tekjum af þessu fólki með neyslusköttum. Ellilífeyrisþegar hvaðanæva að frá Evrópu eru farnir að nýta sér þetta,“ segir Ástþór en til að þess að fá skattafsláttinn þarf eins og áður segir að flytja skattalegt heimilisfesti til Portúgal og dvelja í landinu 183 daga á ári, hið minnsta.

Ókeypis heilbrigðisþjónusta

Hann segir ljóst að þó svo að íslenska ríkið verði af skatttekjum þeirra sem færa sig til Portúgal geti ríkið grætt. „Þegar fólk er búið að færa sig yfir tekur portúgalska ríkið við öllu og greiðir alla heilbrigðisþjónustu. Lyf og allt frítt,“ segir Ástþór sem og bætir því við að í Portúgal sé að finna eitt besta heilbrigðiskerfi í veröldinni.

Aðeins einn hópur ellilífeyrisþega getur ekki nýtt sér skattfrelsið en aðrar reglur gilda um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. „Í tvísköttunarsamningnum eru þeir sem hafa unnið fyrir ríkið undanskildir því þeim ber skylda til að borga skatt af lífeyristekjum í heimalandi sínu,“ segir Ástþór.

Hann segir verkefnið á frumstigi og hvetur alla þá sem hafa áhuga á málinu að skoða heimasíðu fyrirtækisins eða hafa samband. ■

Var sakaður um fjárdrátt í Svíþjóð

Jakob S. Jónsson býður sig fram til formanns Neytendasamtakanna

Óðinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is

Jakob S. Jónsson, leiðsögumaður og leikstjóri, tilkynnti í vikunni framboð sitt til formanns Neytendasamtakanna. Jakob tilkynnti framboð sitt í Fréttablaðinu á mánudaginn og sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu á Facebook. Þar kom fram að innan fárra daga myndi hann setja fram stefnumál sín.

Fjölmiðlar hafa áður fjallað um Jakob S. Jónsson en árið 2010 var hann sakaður um fjárdrátt úr samtökum Heimilis og skóla í Svíþjóð, þar sem hann gegndi formennsku. Það var fréttaskýringarþátturinn Uppdrag og gransking sem sýndur var í sænska ríkissjónvarpinu sem greindi frá meintum brotum Jakobs. Í þættinum var fullyrt að Jakob hefði misnotað aðstöðu sína er hann starfaði fyrir samtökin og greitt fyrir einkaneyslu með greiðslukorti samtakanna.

Visir.is fjallaði ítarlega um málið á sínum tíma en þar vísaði Jakob öllum ásökunum á bug og sagði málið byggt á misskilningi. „Það sem ég er sakaður um er að hafa étið mat og drukkið áfengi fyrir 40 þúsund sænskar krónur og það hef ég heldur ekki gert á kostnað samtakanna. Ekki samkvæmt þeirri lýsingu,“ sagði Jakob í samtali við Vísi á sínum tíma.

Málið vakti töluverða athygli en á þeim kvittunum sem stjórnendur Uppdrag og gransking höfðu undir höndum mátti meðal annars finna greiðslur fyrir hreindýrafile, nautasteik, skötusel, vín og líkjör. Reikningarnir sýndu fram á greiðslur að andvirði 40 þúsund sænskra króna.

Skömmu eftir að Jakob tilkynnti framboð sitt lýsti Ólafur Arnarson, fyrrverandi formaður Neytendasamtakanna. yfir afgerandi stuðningi við formannsframboð Jakobs. Í viðtali við Ólaf sem birtist í Fréttablaðinu sama dag sagði hann Jakob vera rétta manninn til að bjarga samtökunum.

„Jakob er maður sem lætur að sér kveða og ég hef fulla trú á því að hann hafi alla burði til þess að rífa samtökin upp úr þessari lægð,“ sagði Ólafur meðal annars í umræddu viðtali.

Kosning til formanns fer fram á þingi samtakanna sem haldið verður í október. Enginn formaður hefur verið starfandi frá því að Ólafi Arnarsyni var sagt upp störfum hjá samtökunum. Uppsögnin kom til vegna óhóflegra útgjalda Ólafs. ■

ÞAÐ SYNGUR Í POTTINUM UM VERSLUNARMANNAHELGINA

37

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 37 MILLJÓNIR Í DAG

Lottó

LEIKURINN OKKAR

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

Það er staðreynd að...

Hjarta fósturvísis byrjar að slá þremur vikum eftir getnað.

Í peningaseðlum er bæði bómull og pappír. Þess vegna eyðileggjast þeir ekki í þvottavélum.

Rottur eignast afkvæmi svo títt að á átján mánuðum geta þær eignast meira en milljón afkvæmi.

Það er sama hvað pappír er stór, það er aðeins hægt að brjóta hann sjö sinnum saman.

Snigill getur sofið í allt að þrjú ár.

Grillþjófar herja á Úlfarsárdal:

„ÍBÚUM HÉRNA Í HVERFINU ER BRUGÐIÐ“

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

DV hefur áður flutt fréttir af innbrotafaröldrum í ákveðnum hverfum og bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu eins og á Kársnesinu í Kópavogi, Laugarneshverfinu í Reykjavík og í Garðabæ. Nú hefur fjöldi manns í Úlfarsárdal í Reykjavík lent í því að tapa gasgrillum og gaskútum. Gerendurnir eru að minnsta kosti tveir og hafa þeir sést við iðju sína á bíl sem reyndist vera stolinn. Málið er til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Teikning: Guðfinna Berg



Fellihýsið sem kúturinn var klipptur af

Sjoppulegur og í klofsíðum buxum

Jón Baldvinsson, íbúi í Úlfarsárdal, er einn af þeim sem hafa fengið að kenna á grillþjófunum en í gærmorgun var nýlegu Weber-grilli stolið frá honum við heimili í Lofnarbrunni. Jón hefur tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu og ræddi við DV. Hann segir:

„Íbúum hérna í hverfinu er brugðið. Nágrannakona mín bankaði upp á hjá mér í gærkvöldi og sagði mér að hún hefði verið að fara til vinnu rétt fyrir sjö um morguninn. Þá sá hún svolítið druslulegan náunga vappa með grillið mitt út í bílinn hjá sér og stinga því í skottið. Við stýrið sat að henni sýndist kona. Hún ákvað að keyra aðeins á eftir þeim inn í Freyjubrunn, næstu götu fyrir ofan, þar sem bíllinn staðnæmdist við fellihýsi. Þar tók nágrannakonan mynd af bílnum sem var nýlegur Subaru-skutbíll en síðan keyrði hún til vinnu.“

Nágrannakonan sá konuna sem sat við stýrið ekki vel en maðurinn var ungur, í klofsíðum buxum, með nærbuxurnar upp úr, líkt og hefur verið í tísku. En hann var þó „sjoppulegur“ til fara.

Þegar farið var að grennslast fyrir um bílinn kom í ljós að hann er í eigu Höldurs, Bílaleigu Akureyrar, en jafnframt að honum hafði verið stolið. Nágranninn tók einnig eftir því að bíllinn var troðfullur af alls konar góssi, en gat ekki greint nákvæmlega hvaða hlutir voru þar.

Kútur klipptur af

Jón sá síðan á Facebook-síðu íbúasamtaka Úlfarsárdals að íbúinn sem átti fellihýsið umrædda hafði einnig orðið fyrir barðinu á þjófunum. Hann birti þar mynd sem sýndi að gaskútur hafði verið skorinn af hýsinu og tekinn.

„Utan um þennan kút var öflugur vírlás og strappar til að halda kútnum á fellihýsinu. Þeir virðast því hafa öflug tól og tæki til þess að stunda sína iðju. Þetta var ekki fest með einhverju plasti heldur var lásinn eins og öflugustu reiðhjólalásar.“

Jón, sem hefur búið í hverfinu í nokkur ár, segir að í gegnum tíðina hafi verið brotist inn í íbúðir þar rétt eins og annars staðar. Þarna er mikil uppbygging og mikið af verðmætum verkfærum á mörgum stöðum. Þetta mál sé hins vegar ekki eins og margar aðrar innbrotahrinur þar sem þjófar vakta hús og tæma þau af verðmætum þegar íbúarnir eru í burtu. Sjálfur telur hann að um dópistapar sé að ræða sem taki hluti sem auðvelt sé að taka.

Ekki eru þó allir sannfærðir um það. Ein kona í íbúasamtökunum tók eftir grunsamlegum bíl sem var lagt við verslunina Bauhaus við eina akstursleið úr hverfinu. Var bíllinn með gott útsýni yfir Vesturlandsveg og sat þar einn maður sem hugsanlega var að vakta lögregluna fyrir þjófana. Nefndi hún sérstaklega að bíllinn hefði verið með pólskar númeraplötur. Jón bendir á að fjöldi erlendra verkamanna sé við vinnu í hverfinu enda mörg hús í byggingu. Því sé ekkert víst að þessi bíll tengist málinu nokkuð.

Þrír aðrir íbúar hverfisins segja frá því á síðunni að grillum hafi verið stolið frá þeim og gaskútar hafi horfið frá þremur til viðbótar.

„Við vitum ekki nákvæmlega hversu margir hafa tapað grillum eða öðrum lausamunum af lóðunum sínum,“ segir Jón. „Ég veit ekki hvernig þessu er komið í verð. Hugsanlega fara þeir með gaskútana og fá skilagjald en sum grillanna eru gömul og ég veit ekki hvort það sé markaður fyrir þau. Ég hef ekki gefið mér tíma til að athuga hvort grillin séu komin inn á einhverjar sölusíður, Bland eða á Facebook.“

Sniffa eða selja

Valgarður Valgarðsson, aðalvarðstjóri á stöð 4 sem Úlfarársdalur fellur undir, segir að málið sé ekki leyst en að kærur hafi borist.

„Að grillum sé stolið er ekki algengt en það kemur fyrir. Það eru aðallega kútarnir sem hafa verið teknir. Það kemur fyrir að grill séu tekin en þá ekki í svona stórum stíl.“

Hvað gera þjófarnir við góssið?

„Það er allur gangur á því hvernig þeir reyna að koma þessu í verð. Hvort þeir noti þetta sem skiptimynt sín á milli eða hvort þetta er auglýst á sölusíðum.“

Er verið að sniffa úr kútunum?

„Það var nú sérstaklega mikið gert á tímabili. Þeir hafa líka reynt að selja þá, komu þá með kútana í stykkjavís og reyndu að fá greitt fyrir þá hjá olíufélögunum. En félögin eru búin að herða reglurnar hjá sér varðandi þetta. Þeir sem taka grill taka líka oftast kútana með.“

Innan Úlfarsárdals hefur verið rætt um að koma upp eftirlitsmyndavélakerfi við leiðir inn í hverfið, sem eru nokkuð fáar. Sífellt fleiri hverfi og bæjarfélög hafa gert það og má þar nefna Garðabæ, Seltjarnarnes, Selfoss, Kópavog og Mosfellsbæ. Fjármögnun og rekstur slíkra véla er með mismunandi hætti en þær eru settar upp í samstarfi við Neyðarlínuna og lögregluna sem eru einu aðilarnir sem hafa aðgang að þeim og upptökur einungis skoðaðar ef grunur leikur á að glæpur hafi verið framinn. ■

LOKUM 20. JÚLÍ
VEGNA FLUTNINGA

HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI
YKKUR 14. ÁGÚST AÐ GYLFAFLÖT 6-8

FRÍSKANDI BRAGÐ!

WRIGLEY'S Extra®

FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmii

HVERNIG GAT 22 ÁR GJÖRSAMLEGA Í VE

Vissu Marokkómennirnir eitthvað um afdrif hans?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Sérstök auglýsing birtist í Lögbirtingablaðinu vorið 1990 og vakti að vonum töluverða athygli. Í auglýsingunni var lýst eftir Bernard Journet sem var búsettur í Reykjavík en ekkert hafði heyrst frá honum eða spurst til hans síðan þann 12. maí 1969. Auglýsingin var svohljóðandi:

„Tilkynning um mannshvarf. Samkvæmt beiðni dagsettri 21. desember 1989 áritaðri af saksóknara franska lýðveldisins, er þess farið á leit við yfirrétt Lyonborgar (Tribunal de Grande Instance de Lyon) að hann lýsi hvarfi Bernard Journet, sem fæddur er 9. júní 1946 í Amberieu en Bugey (Ain). Síðast var Bernard Journet búsettur í Reykjavík á Íslandi og hefur ekki birst á heimili sínu né látið frá sér heyra síðan 12. maí 1969."

Auglýsingin var birt í Lögbirtingablaðinu af lagalegum ástæðum. Fjölskylda Bernards, sem bjó í smábænum St. Didier de Formans í Ardennafjöllunum í norðurhluta Frakklands, hafði óskað eftir að saksóknari lýsti yfir hvarfi hans og í framhaldi yrði hann lýstur „löglega látinn" að því er segir í umfjöllun Pressunnar frá því í lok júlí 1990. Ástæðan fyrir þessari beiðni var að yngri systir hans vildi fá greiddan arf eftir Bernard en honum hafði áskotnast arfur og þar sem hann var ekki til staðar áttu nánustu ættingjar hans rétt á arfinum en fyrst varð að lýsa hann látinn.

Eins og jörðin hefði gleypt hann

Á árunum 1968 til 1972 komu þrír ungir Frakkar hingað til lands og létust hér, að því að talið er. Bernard var fyrstur þessara ungu manna til að koma til landsins en það er eins og jörðin hafi gleypt hann og þegar Pressan fjallaði um málið 1990 mundi enginn eftir honum. Hjá lögreglunni í Reykjavík og í Vestmannaeyjum kannaðist enginn við málið. Samlandar hans, búsettir í Reykjavík, könnuðust ekki við hann og í franska sendiráðinu hafði enginn heyrt um Bernard eða auglýsinguna í Lögbirtingablaðinu.

Lögfræðingur fjölskyldu hans sagði að franska utanríkisráðuneytið og sendiráðið á Íslandi hafi á sínum tíma látið rannsaka hvarf hans en án árangurs. Í umfjöllun Pressunnar segir að svo hafi virst sem lítill áhugi væri á málinu hjá íslenskum yfirvöldum miðað við viðbrögðin þegar spurst var fyrir um það.

Kom hann hingað til lands til að deyja?

Eldri systir hans, Madeleine, virtist að sögn blaðamanns vera eina manneskjan sem hafði áhuga á að komast að hver örlög Bernard urðu. Hún sagði að hann hafi verið ævintýramaður í eðli sínu og hafi haldið að heiman skömmu eftir maíuppreisnina 1968. Í júní hafi hann yfirgefið heimili þeirra í hinsta sinn. Hún sagði hann hafa ætlað í hnattferð og hafi Kanada átt að vera upphafsstaður ferðarinnar. Af einhverjum ástæðum fór hann hins vegar til Íslands og ílentist hér á landi þar sem honum gekk illa að fá leyfi til að ferðast til Kanada. Hann sendi Madeleine þrjú bréf frá Íslandi. Í því síðasta sagðist hann ætla að reyna að fá skipspláss en þá var hann í Vestmannaeyjum og vann í frystihúsi. Madeleine sagðist hafa sent honum pakka um jólin 1968 en hann hafi aldrei látið hana vita hvort hann fékk hann.

Eigur Bernards fundust í herbergi hans og því er ólíklegt að hann hafi ráðið sig á skip sem hafi síðan farist með manni og mús að mati Madeleine. Hún sagðist ætla að hann hefði tekið eigur sínar með enda hafi þær ekki verið miklar. Lögreglan færði föður þeirra þessa muni síðar. Lögreglumaðurinn, sem fór í herbergið, sagði að það hefði verið eins og Bernard hefði bara skroppið út í búð.

„Lögreglan kom til pabba með þetta dót, úrið hans og fleiri smáhluti. Bernard á víst enn bankabók í Reykjavík en við höfum aldrei óskað eftir að fá féð greitt. Ég held að hann hafi átt íslenska kærustu en hún hefur aldrei reynt að hafa samband við okkur. Pabbi náði sér aldrei eftir þetta. Hann lést þremur árum síðar."

Bernard var meðalmaður á hæð með dökkt hrokkið hár og brún augu. Hann gekk í augun á kvenfólki en var ekki mikið upp á kvenhöndina og er sagður hafa átt eina vinkonu á Íslandi, þá sem er nefnd hér að framan.

Trúði ekki að hann hefði svipt sig lífi

Madeleine sagði að niðurstaða rannsóknar lögreglunnar hefði verið að Bernard hafi verið þunglyndur og hefði svipt sig lífi. Hún sagði að fjölskylda hans hefði aldrei trúað þeirri niðurstöðu.

„Ég er sjálf alveg viss um að bróðir minn hefur ekki framið sjálfsmorð. Hann var alls ekki þunglyndur. Þvert á móti var hann bjartsýnn og dugmikill ungur maður og mikill náttúruunnandi. Hann hafði mikið yndi af náttúruskoðun og mér skilst að hann hafi sökkt sér niður í hana á Íslandi. Hann var fremur hlédrægur og talaði lítið um sjálfan sig, en hann var ekki þar fyrir óhamingjusamur."

Hann var reglumaður, reykti ekki og drakk ekki áfengi.

Ættingjar Bernards komu aldrei til Íslands en ferðalög voru öllu meira mál 1969 en nú á dögum. Madeleine sagði að fjölskyldan ætti ekki von á að Bernard hefði látið eitthvert fé að ráði eftir sig en það hefði verið kominn tími til að ganga frá málinu og lýsa hann formlega látinn.

Marokkómennirnir tveir

Fyrst eftir að Bernard kom til Vestmannaeyja bjó hann í tjaldi nærri stað þar sem Þórsheimilið er núna. Hann var með mjög fullkominn útilegubúnað með sér og var vanur ferðalögum. Hann gaf sig lítið að öðru fólki og virtist vera sjálfum sér nógur segir í umfjöllun Helgarpóstsins í byrjun júlí 1995. Hann sást oft á göngu um eyjarnar. Krakkar fóru fljótlega að gefa sig að honum og tveir ungir bræður urðu fljótt kunningjar hans. Foreldrar þeirra buðu honum heim og var hann ávallt velkominn á heimili þeirra. Hann talaði litla ensku og átti erfitt með samskipti við fólk fyrst eftir að hann kom til landsins. Hann náði aldrei neinum tökum á íslensku en bætti sig í ensku sem auðveldaði samskipti hans við heimamenn.

Þegar leið að hausti fékk Bernard herbergi í verbúðinni Dagsbrún sem var í eigu Hraðfrystistöðvarinnar. Hann vann af og til í fiski og lifði nægjusömu lífi. Hann lagði fyrir inn á bankabók eins og hann gat. Tveir farandverkamenn frá Marokkó voru við störf í Vestmannaeyjum á vertíðinni 1969. Þeir gerðu sér dælt við Bernard og hafði hann á orði við vini sína að þeir væru sníkjugjarnir en hann hefði ekki áhuga á að lána þeim peninga.

RA MAÐUR HORFIÐ ESTMANNAEYJUM?

Ekki er vitað til að til illinda eða átaka hafi komið á milli Bernards og Marokkómannanna en vitað er að þeir fóru af landi brott fljótlega eftir hvarf hans.

Sá síðast til hans

Um hádegisbil þann 12. maí 1969 hitti faðir bræðranna, sem voru vinir Bernards, hann á göngu á gatnamótum Kirkjuvegar og Heiðarvegar. Hann bauð honum með en Bernard afþakkaði og sagðist vera að fara í gönguferð en þáði hins vegar boð um að koma í kvöldmat um klukkan 19. Hann mætti aldrei í kvöldmatinn og lét ekkert heyra í sér sem þótti undarlegt, hann var þekktur fyrir að halda orð sín.

Fljótlega tóku foreldrar bræðranna að spyrjast fyrir um Bernard en án árangurs. Ekki var þó farið að óttast um hann fyrr en nokkrum dögum síðar þegar húsvörðurinn í Dagsbrún hafði ekki séð til hans í nokkra daga. Leitað var á svæðinu fyrir ofan Urðarvita, sem var austast á eyjunni fyrir gos, en Bernard hafði oft tjaldað þar. Leitað var á sjó og fjörur voru gengnar og tók fjölmenni þátt í leitinni en án árangurs.

Tveir Frakkar til viðbótar létust hér á landi

Eins og fyrr var getið létust tveir ungir Frakkar hér á landi á skömmum tíma í kringum hvarf Bernard. Annar þeirra þótti ansi sérstakur, allt að því dularfullur. Hann kom hingað með flugi aðeins klæddur næfurþunnum indverskum fatnaði og steig út í vetrarkuldann með bænateppið sitt undir hendinni. Hann hélt beint til fjalla og varð úti. Fleiri virtust muna eftir þessum manni enda var hann kannski öllu sérstakari í útliti, en honum var lýst sem birtingarmynd hippatímans.

Þriðji Frakkinn sem lést hér á landi á þessum tíma hét Dominique en margir kölluðu hann Gaston. Hann er sagður hafa búið yfir öllum eiginleikum rómantískrar hetju og það er kannski þess vegna sem minning hans lifði lengur meðal fólks. Hann var einmana, þunglyndur, lék á gítar og sinnti skáldskap. Hann átti unnustu og marga vini í Reykjavík en þar bjó hann. Einn morgun fundust fötin hans í fjörunni við Laugarnes og því ekki annað að sjá en að hann hafi lagst til sund og drukknað.

Fámennið var kannski ekki betra en fjölmennið

Við Íslendingar dásömum oft kosti fámennisins og það öryggi sem það veitir okkur og geri sérhvern íbúa landsins svo mikils virði. Þá er samkennd okkar Íslendinga sögð um margt sérstök og mikil og eigi jafnvel engan sinn líka í heiminum. En getur verið að fámennið okkar sé ekkert betra en fjölmennið í erlendum milljónasamfélögum? Það að ungur franskur maður hafi getað horfið með öllu af yfirborði jarðar í litlum bæ eins og Vestmannaeyjum 1969 og gleymst fljótlega hlýtur að vekja upp spurningar um þetta. Þá má velta fyrir sér hvort rannsókn málsins hafi verið nægilega góð. Hvarf hans var afgreitt sem sjálfsvíg og kannski var það svo. En ekki er að sjá að aðrir möguleikar hafi verið rannsakaðir til hlítar. Hvað með Marokkómennina tvo sem fyrr var getið? Taldi enginn ástæðu til að yfirheyra þá? Bernard hafði sagt fólki að þeir hefðu sótt að honum í von um fé, gaf það ekki tilefni til nánari skoðunar lögreglunnar? Málið mun örugglega aldrei upplýsast en eftir stendur að ungur maður hvarf í Vestmannaeyjum án þess að nokkuð sé vitað um örlög hans.■

Síðustu jól Bernards, Pressan 2. ágúst 1990.

ER GOLFSTRAUMURINN AÐ VEIKJAST?

Það er ekki bara á Íslandi sem veðrið hefur verið öfgakennt
Munu öfgarnar verða til frambúðar?

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Skýjað, rigning, hvassviðri og svalt. Er það ekki eitthvað á þá leið sem sumarið hefur verið hér á suðvesturhorni landsins? Frekar ömurlegt og ekki verður skemmtilegt að rifja það upp síðar. Á sama tíma hafa frændur okkar og frænkur á hinum Norðurlöndunum glímt við mikla hita, þurrka, sólskin og fylgifiska þess eins og skógarelda og uppskerubrest. Í Kanada varð hitabylgja tugum að bana nýlega, víða í Rússlandi hefur verið mjög heitt og hitamet var slegið í Japan nú í vikunni þegar hitinn fór yfir 41 gráðu. Afríka sleppur ekki við mikinn hita og þar hefur fólk fengið að finna fyrir honum og er þó ýmsu vant.

En hvað veldur þessu? Er þetta allt saman eitt stórt samsæri sem valdamikið fólk stendur á bak við? Eða er þetta bara algjör tilviljun, eitthvað sem gerist einu sinni á hverjum 1000 árum? Líklega ekki, margir vísindamenn benda varfærnislega á að orsakanna sé líklegast að leita í hnattrænni hlýnun. Það er þó kannski ekki vinsælt að nefna hana til sögunnar þessa daga, sérstaklega ekki í Bandaríkjunum þar sem forsetinn og ríkisstjórn hans eru í fararbroddi þeirra sem hafna vísindalegum sönnunum fyrir hnattrænni hlýnun og gefa lítið fyrir þá sem aðhyllast slík hindurvitni, sem vísindi nú eru að þeirra mati.

Skógareldar í Svíþjóð, uppskerubrestur í Noregi og Danmörku, mikil úrkoma á Íslandi og á Svalbarða þar sem úrkomumet fyrir júlí var slegið á mánudaginn, mikill hiti í Krasnojarsk-héraði í Rússlandi, þar hefur hitinn verið sjö gráðum yfir meðallagi, sem hefur valdið miklum skógareldum en um 80.000 hektarar hafa brunnið þar.

Óhugnanlegur næturhiti

Í bænum Ouargla í Sahara í Alsír mældist hitinn 51,3 gráður í sumar en það er hæsti hiti sem hefur mælst í Afríku. Í Óman hefur hitinn að næturlagi ekki farið niður fyrir 42,6 gráður um hríð en þetta er talinn vera hæsti næturhiti sem mælst hefur.

Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að hiti sé mikill og úrkoma lítil um hríð en það vekur áhyggjur vísindamanna að nú er þetta ástand mjög viðvarandi. Í Evrópu er staðan sú að háloftastraumar ýta lægðum, sem bera rigningu með sér, lengst til norðurs í Svíþjóð og Noregi. Þessir háloftastraumar koma sem sagt í veg fyrir að úrkoma komist sunnar. Þetta gerist reglulega en nú hefur þetta varað lengur en venjulega vegna þess hversu veikir þessir háloftastraumar eru núna en það hefur í för með sér rólegt og stöðugt veðurfar.

Það er erfitt að tengja þetta við eitthvað eitt í loftslagsbreytingunum en það eru ákveðin skilyrði sem vekja athygli loftslagssérfræðinga. Eitt þeirra er að þegar hitamunurinn á milli norðurheimskautsins og annarra svæða á norðurhveli jarðar minnka verða háloftastraumarnir hægari. Núna hækkar hitastigið hraðar á norðurheimskautinu, vegna hnattrænnar hlýnunar, en í Evrópu. Þetta raskar hitajafnvæginu á milli svæðanna. Þess vegna segja sumir vísindamenn að hugsanlega verði viðvarandi veðurfarsaðstæður, bæði heitar og kaldar, meira langvarandi en áður og muni gerast oftar, allt vegna loftslagsbreytinga.

> Þá hafa verið settar fram kenningar um að vegna bráðnunar Grænlandsjökuls streymi gríðarlegt magn af köldu vatni út í sjóinn sunnan við Grænland, en vísindamenn hafa tekið eftir miklu magni af fersku vatni í Norður-Atlantshafi. Þetta kalda vatn veiki síðan Golfstraumurinn sem tryggir þægilegt loftslag hér á landi með því að flytja heitari sjó frá Suðurhöfum norður á bóginn

Þá hafa verið settar fram kenningar um að vegna bráðnunar Grænlandsjökuls streymi gríðarlegt magn af köldu vatni út í sjóinn sunnan við Grænland, en vísindamenn hafa tekið eftir miklu magni af fersku vatni í Norður-Atlantshafi. Þetta kalda vatn veiki síðan Golfstraumurinn sem tryggir þægilegt loftslag hér á landi með því að flytja heitari sjó frá Suðurhöfum norður á bóginn. Rannsóknir frá 2015 sýndu að þá þegar hafði straumurinn veikst frá því sem hann var 1975. Ef Golfstraumurinn veikist verður kaldara hér á landi. En hvort „góð“ og hlý sumur eru liðin tíð hér á landi er kannski erfitt að segja til um núna en það verður spennandi að sjá hvernig veðrið verður á næstu árum. ■

SÆLANDSGARÐAR

Nú er tími til að huga að hellulögn, trjáklippingum og trjáfellingum

Ekkert lát hefur verið á verkefnum hjá Sælandsgörðum í sumar en vaskir starfsmenn fyrirtækisins hafa verið að hanna garða, hreinsa beð, slá og helluleggja í allt sumar. Hellulögn er nú í algleymingi hjá fyrirtækinu en hægt er að vinna við hana allan ársins hring ef vel viðrar. Oft getur verið nauðsynlegt að rífa upp og endurnýja gamla hellulögn í heimkeyrslum, á bílastæðum og göngustígum, og leggja á ný. Oft þarf líka að endurnýja gamlar hleðslur eða gera nýjar, hvort heldur er með forsteyptum einingum eða náttúrulegu grjóti. Hellur og náttúrugrjót geta verið skemmtileg lausn í garðinum til að minnka garðslátt og gera ásýnd garðsins léttari, nútímalegri og flottari. Þarna þarf síðan líka að koma við sögu ráðgjöf og undirbúningur á borð við jarðvegsskipti og uppsetningu snjóbræðslukerfa eftir því sem við á og óskað er eftir.

Beðahreinsun, jarðvegsskipti í görðum og garðsláttur eru enn í fullum gangi enda útlit fyrir að nú sé að viðra betur seinni hluta sumarsins. Það er mikilvægt að ljúka slíkum verkefnum fyrir haustið.

Mikill uppgangur hjá Sælandsgörðum

Það eru feðgarnir Eiríkur Ómar Sæland og Kolbeinn Sæland sem reka Sælandsgarða. Eiríkur er garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuskóla ríkisins og sótti sér auk þess frekari menntun í faginu til Noregs og Danmerkur. Eiríkur hefur rekið garðaþjónustu sína í tíu ár. Kolbeinn, sonur Eiríks, er menntaður skrúðgarðyrkjufræðingur frá Landbúnaðarháskóla Íslands og hefur komið inn í reksturinn með föður sínum á síðustu árum.

Sælandsgarðar þjónusta allt í senn, heimili einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki. Mikill uppgangur hefur verið í starfseminni undanfarið og hin vaska sveit Sælandsgarða hefur tekist á við mörg stór og viðamikil verkefni með glæsilegum hætti.

Sælandsgarðar taka að sér stór og smá verkefni allan ársins hring. Starfsmenn fyrirtækisins mæta á svæðið, skoða umfang verksins, gera áætlanir um lausn með húseigendum og leysa í kjölfarið verkið af fagmennsku, fljótt og örugglega, á hagkvæman hátt. Eiríkur og hans menn eru með öll nauðsynleg tæki og búnað í garðaþjónustu og hellulögn – eru fagmenn sem leggja áherslu á persónulega þjónustu og vandaða vinnu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 848-1723. Sjá einnig Facebook-síðuna Sælandsgarðar.



GÓÐ ÞJÓNUS

SVO ALLT GANGI SMURT

KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR

kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Kynlíf, guð og vopn opnuðu flestar dyr upp á gátt fyrir rússneskan njósnara í Bandaríkjunum

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Rúmlega 2.000 manns sóttu fund á hóteli í Las Vegas þegar forval repúblikana stóð yfir 2015. Þegar Trump var í ræðustól kom hann auga á 26 ára rauðhærða konu í mannhafinu og bauð henni að varpa fram spurningu til sín. Unga konan, sem heitir Maria Butina, sagðist vera frá Rússlandi og vildi gjarnan vita hver stefna Trump yrði gagnvart Rússlandi ef hann myndi sigra í kosningunum. Ætlaði hann að halda refsiaðgerðum áfram, refsiaðgerðum sem sköðuðu efnahagslíf beggja ríkja sagði. Trump strauk svita af efri vörinni og sagði:

„Ég þekki Pútín og ég skal segja þér svolítið. Ég held að okkur muni semja mjög vel við Pútín. Ókei. Ég held ekki að þörf sé á refsiaðgerðum.“

Þegar hún var síðar spurð af hverju hún væri komin alla leið til Bandaríkjanna sagðist hún vera

formaður samtaka Rússa sem styðja almenna vopnaeign og að hún vildi afla sér meiri upplýsinga sem gætu gagnast landi hennar. En Butina, sem var nýlega handtekin, þremur árum eftir fundinn í Las Vegas, virðist einnig hafa haft önnur markmið með veru sinni í Bandaríkjunum. Ef það er rétt sem saksóknari heldur fram þá var hún strax þá á fullu við að hrinda í framkvæmd „áhættulítilli áhrifaherferð“ sem ráðamenn í Kreml stóðu á bak við. Markmiðið var að komast inn í hin áhrifamiklu samtök National Rifle Association, NRA, til að komast í tæri við áhrifamikla einstaklinga innan Repúblikanaflokksins í því skyni að halda rússneskum hagsmunum á lofti í nýrri íhaldssamri ríkisstjórn. Það voru ekki bara guð og vopn sem voru notuð í þessu skyni heldur einnig kynlíf.

Lögmaður Butina segir sakargiftirnar vera ýktar og rússneskir ráðamenn hafa sakað alríkislögregluna, FBI, um að hafa handtekið Butina af þeirri ástæðu einni að hún er rússnesk og þekki Torshin sem er varaforstjóri rússneska seðlabankans og valdamikill í stjórnmálaflokki Vladímírs Pútín forseta, Sameinuðu Rússlandi. Butina neitar öllum ásökunum.

> **Ef vopnin opnuðu ekki dyr fyrir henni kom guð við sögu.**

Butina flutti til Moskvu 21 árs að aldri og kynntist þá Torshin. Hann er sagður vera heilinn á bak við veru hennar í Bandaríkjunum. Hann réð hana sem aðstoðarkonu og fór að taka hana með á fundi hjá NRA. Hún sótti ársfund NRA 2014 og aftur 2015. Síðan mætti hún á fyrrnefnda ráðstefnu í Las Vegas. Eftir fund hennar með lobbíista úr Repúblikanaflokknum í Moskvu 2014 hrinti hún af stað verkefni sínu „projekt diplomati“ en í því fólst að hún og lobbíistinn fóru að samhæfa aðgerðir sínar. Hann er ekki nafngreindur í málsgögnum en talið er að hér sé um Paul Ericson að ræða en hann er helmingi eldri en Butina. Hann hefur góð sambönd víða í samfélaginu. Þau urðu elskendur.

Annar Bandaríkjamaður

Annar Bandaríkjamaður er einnig tengdur málinu en ekki er vitað hver hann er en í tölvupósti, sem var sendur í mars 2016, fullvissaði Butina þennan mann um að Kreml hefði lagt blessun sína yfir aðgerðir hennar: „Allt sem við þurftum var já frá Pútín,“ skrifaði hún. Nokkru fyrir bandarísku forsetakosningarnar fékk hún námsmannaáritun til Bandaríkjanna og flutti til Washington. Þar hélt hún aðgerðum sínum áfram undir því yfirskyni að hún væri áhugamanneskja um skotvopn og skotvopnaeign.

Þegar allt er tekið saman þá eyddi Butina fimm árum í að koma sér í samband við íhaldssama stuðningsmenn frjálsrar vopnaeignar og trúarleiðtoga. Hún tók myndir af sér með bandarískum stjórnmálamönnum og birti á samfélagsmiðlum. Hún aðstoðaði þekkta fulltrúa NRA við að fara í heimsókn til Moskvu og hún og Ericson héldu glæsilegar veislur til að stækka tengslanetið.

Ekki er vitað hvort Butina hlaut þjálfun sem njósnari en samkvæmt málsgögnum taldi hún samband sitt við Ericson vera „nauðsynlegan hluta af aðgerðum hennar“. Hún er sögð hafa „verið andsnúin“ áframhaldandi sambúð með honum og hafi boðið að minnsta kosti einum öðrum manni kynlíf „gegn því að fá stöðu í hagmunasamtökum“.

Hitti Trump yngri

Alríkislögreglan telur að Butina hafi náð langt og hafi komist í samband við áhrifamikið fólk. Á ráðstefnu NRA 2015 ræddu hún og Torshin við Scott Walker, ríkisstjóra Wisconsin, og hún mætti þegar Walker tilkynnti að hann ætlaði að sækjast eftir að verða forsetaframbjóðandi repúblikana. Á ráðstefnu NRA 2016 reyndu hún og Torshin að hitta Trump eldri en það gekk ekki upp en þau hittu son hans, Donald Trump yngri, og ræddu að sögn um réttinn til vopnaeignar við hann.

Ef vopnin opnuðu ekki dyr fyrir henni kom guð við sögu. FBI segir að hún hafi margoft sett sig í samband við skipuleggjendur National Prayer Breakfast í Washington en bæði hún og Torshin tóku þátt í þeim samkomum 2016 og 2017. Á síðari samkomunni tókst þeim nærri því að fá fund með Donald Trump, sem var þá nýbúinn að taka við embætti forseta, en ekkert varð af fundinum eftir að Spánverjar sökuðu Torshin um að hafa aðstoðað rússnesku mafíuna við peningaþvætti.

Síðar sendi Torshin henni skilaboð á Twitter og hrósaði henni og sagði pólitíska stjörnu hennar hafa risið. Hún svaraði: „Nú verðum við að bíða og sjá. Við höfum sett spilin okkar út. Ég fylgdi áætluninni.“

Í tölvupósti frá því í mars 2015 segir Butina að Repúblikanaflokkurinn „muni líklegast komast til valda eftir kosningarnar 2016“. Þetta hefur vakið upp spurningar um hvort hún hafi búið yfir vitneskju sem greiningarstofnanir og stjórnmálaskýrendur höfðu ekki á þeim tíma enda töldu þeir að Hillary Clinton myndi sigra í forsetakosningunum en ekki Donald Trump. ■

VANTAR ÞIG SKÓLATÖLVU ?

tl.is

acer

INTEL i3 OG 256GB SSD

6GB VINNSLUMINNI

ACE-NXGNPED036

15,6" FULL HD FARTÖLVA MEÐ
INTEL i3 OG HRAÐVIRKUM
256GB SSD DISKI Á AÐEINS 79.995

15,6" FULL HD
- IINTEL i3
- INTEL HD 620
- 6GB MINNI
- 256GB SSD

79.995

acer

AMD RYZEN 3

AMD RADEON VEGA 3

ACE-NXGY9ED010

15,6" ASPIRE 3 MEÐ RYZEN 3
ÖRGJÖRVA OG BLUELIGHTSHIELD
TÆKNI TIL AÐ MINNKA SKJÁÞREYTU

15,6" FULL HD
- AMD RYZEN 3
- AMD RADEON VEGA 3
- 6GB MINNI
- 256GB SSD

89.995

119.995

ASUS

GLÆSILEG VIVOBOOK MEÐ A9

512GB SSD

ASU-X505BAEJ121T

LÉTT OG NETT MEÐ A9 ÖRGJÖRVA,
8GB MINNI, RADEON R5 SKJÁKORTI
OG STÓRUM 512GB SSD DISKI

15,6" MATTUR FULL HD
- AMD A9
- AMD RADEON R5
- 8GB MINNI
- 512GB SSD

99.995

ASUS

14" ÖRÞUNN OG LÉTT ZENBOOK

AÐEINS 1,25 KG.

ASU-UX430UAPURE1X

SÉRSTAKLEGA GLÆSILEGA HÖNNUÐ OG
LÉTT Í SKÓLANN. INTEL I3 ÖRGJÖRVI
OG SSD DISKUR

14" FULL HD
- INTEL i3
- INTEL HD 620
- 4GB MINNI
- 128GB SSD

ASUS

8. KYNSLÓÐ INTEL i5

HÖNNUN OG HRAÐI

ASU-S510UABQ423T

VIVOBOOK S15 ER BÆÐI ÖFLUG OG MEÐFÆRILEG.
FJÖGURRA KJARNA INTEL i5, 8GB MINNI OG 256GB SSD

15,6" FULL HD
- INTEL i5
- INTEL UHD 620
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

139.995

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	REYKJANESBÆR	SELFOSS	AKRANES
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRTORG	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1

Ástríðubakarinn Lilja Katrín gefur út bók um bakstur

Grét með Guðna Th. í bakstursmaraþoni fyrir Kraft

Fjölmiðlakonan og ástríðubakarinn **Lilja Katrín Gunnarsdóttir** sendir nú frá sér sína fyrstu bók, Minn sykursæti lífsstíll. Lilja hefur haft áhuga á bakstri frá því að hún var barn og fékk að dunda sér í eldhúsinu með móður sinni, hún er með kökubloggsíðuna blaka.is, hélt bökunarmaraþon til styrktar Krafti og elskar að skapa, hvort sem það er í bakstri eða öðru.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Í dag er ég fyrst og fremst eiginkona, móðir, hundaeigandi og ástríðubakari. Ég er kona sem elskar að skapa, hvort sem það er í gegnum bakstur, leiklist eða föndur. Ég elska ævintýri og hið óvænta. Ég elska að finna hvað ég er sterk þegar á reynir. Ég elska að gráta yfir góðum, og líka slæmum, bíómyndum. Ég elska að hlaupa, ég elska frelsi, ég elska að kyssa og knúsa börnin mín og ég elska að tala, spila og hlæja með manninum mínum. Svo elska ég líka sykur og hveiti, sem er jafnframt minn helsti veikleiki. En maður þarf að taka veikleika sína í sátt og lifa með þeim. Ég tók þá hugsun einu skrefi lengra og ákvað að búa til bók úr mínum veikleikum," segir Lilja Katrín aðspurð hver hún sé og um áhugamál hennar og ástríðu.

En af hverju þessi áhugi á bakstri yfirleitt?

„Ég grínast oft með að áhuginn hafi kviknað út frá því að ég var akfeitt barn sem nennti ekki út að leika sér og vildi frekar finna sér eitthvað til dundurs inni við. Þá var baksturinn kjörinn þar sem ég þurfti ekki að fara út og gat borðað eitthvað dásamlegt í leiðinni. Fullkomið plan! En að öllu gríni slepptu þá var móðir mín mjög dugleg og nýtin, og er enn, og kenndi mér ýmisleg ráð í eldhúsinu. Þaðan kemur áhuginn. Hún leyfði mér ungri að baka sjálfri og ég held að það sé mjög hollt fyrir börn að fikra sig áfram í eldhúsinu undir leiðsögn fullorðinna. Eldri dóttir mín var ekki nema sex ára þegar hún fékk í fyrsta sinn að spreyta sig í bakstri, með dyggri hjálp frá mér, og það er gaman að sjá hve mikið krakkar geta gert sjálf – það er miklu meira en maður heldur. Svo er ímyndunarafl þeirra líka svo stórkostlegt að maður getur ekki annað en hrifist með í sköpuninni.

En já, ég byrjaði að baka fyrir alvöru á framhaldsskólaaldri, tók mér svo nokkurra ára pásu og byrjaði aftur af krafti þegar ég eignaðist eldri dóttur mína fyrir átta og hálfu ári. Þá dreymdi mig um að opna kökublogg, en fékk í staðinn í gegn á Séð og Heyrt, þar sem ég var blaðamaður og síðar ritstjóri, að hafa eina uppskriftaropnu í hverju blaði. Algjörlega galin hugmynd en ég fékk hana samt í gegn. Svo var það fyrir nokkrum árum að ég kynntist eiginmanninum mínum, en það vill svo skemmtilega til að hann er besti vefhönnuður landsins. Þegar ég sagði honum frá kökudraumnum mínum þá tók hann boltann og bjó til fallegustu kökubloggsíðu sem ég hef séð.

Ég hef hins vegar aldrei lært neitt í bakstri og aldrei unnið við hann. Það er stór draumur hjá mér samt sem áður – að flytja út í lönd og læra bakstur og skreytingar í einhverjum trylltum skóla. Einhvern daginn rætist hann. Þangað til læt ég alls kyns bakstursbækur, endalaus myndbönd á YouTube og mér fróðara fólk nægja. Það hefur dugað mér hingað til en ég finn að mig langar að læra miklu, miklu meira. Það frábæra við baksturshéiminn, og raunar matarheiminn allan, er að hann er í sífelldri þróun og ný „trend" og æði poppa upp eins og kökupinnar."

Áttu einhverjar skemmtilegar sögur af neyðarlegum, eftirminnilegum, skemmtilegum atvikum í bakstrinum?

„Eftirminnilegast er klárlega þegar ég bakaði í sólarhring til styrktar Krafti og Guðni Th. forseti kom í heimsókn. Ég er enn að sparka í mig fyrir að hafa farið að hágráta þegar ég sá hann, ekki út af því að ég skammast mín fyrir að vera tilfinninganæm, heldur af því að ég kom ekki upp orði fyrir ekkasogum.

Skemmtilegast var að fá mína fyrstu bók í hendurnar, eftir ansi langa fæðingu. Samt líka mjög skrýtið. Og stressandi. „Hvað ef öllum finnst hún ömurleg?" Ég er yfirleitt voðalega lítið að spá í hvað öðrum finnst um mig, en þegar ég horfði á bókina fylltist ég óöryggi. Hvað er það?!

Það neyðarlegasta er líklegast þegar ég bakaði voða fína ljósku (blondie) fyrir afmæli móður minnar eitt sinn. Einhver svaka kaka með hvítu súkkulaði, appelsínuberki og engiferi. Ég var voða góð með mig og kökuna þar til ég ákvað að smakka smá af henni, því Gordon Ramsay segir að maður eigi alltaf að smakka. Bragðið var vægast sagt ógeðslegt, og þegar ég fór í rannsóknarvinnu komst ég að því að ég hafði tekið hvítlauksduft í misgripum fyrir engiferið. Og núna hljóma ég eins og mesti lúði í heimi, en ég get fullvissað lesendur um að þetta er alls ekki það neyðarlegasta sem hefur komið fyrir mig á ævinni – bara í bakstrinum."

En hvaða bakstur hefur tekið lengsta tímann og hver skyldi vera sá persónulegasti?

„Maðurinn minn borðar ekki kökur þannig að ég er alltaf að reyna að finna eitthvað sem honum finnst gott. Ætli það taki ekki ævina. En tímafrekasta, og jafnframt persónulegasta, ▶

HAGBLIKK
Álþakrennur & niðurföll
Brotna ekki
Ryðga ekki
Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt & dökkrautt

Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C
202 Kópavogur
Sími 587 2202
hagblikk@hagblikk.is
hagblikk.is

Vörur, vélbúnaður og þjónusta fyrir minni fiskibáta

vetus

- Plastviðgerðir
- Rafgeymar
- Dælur
- Varahlutir

BALDUR HALLDÓRSSON ehf
Skipasmiður

Hlíðarenda / 602 Akureyri
S: 462 3700 / baldurhalldorsson.is

kakan sem ég hef bakað var fyrir systurdóttur mína, hana Glódísi Björt, sem fermdist síðustu páska. Hún býr í Noregi og ég sakna hennar og fjölskyldu hennar ofboðslega mikið. Þannig að þegar ég var beðin, yfir hafið, að baka fermingartertuna var ég svo snortin og glöð að hún treysti mér fyrir því. Við frænkurnar höfum brallað ýmislegt saman og þótti mér ofboðslega vænt um þessa bón. Þetta var þriggja daga verk. Á fyrsta degi bjó ég til alls kyns skraut ofan á kökurnar, sem voru þrjár – ein fyrir hvert æviskeið (ungbarn, krakki, fullorðin). Á degi tvö bakaði ég botnana, en hver kaka var mismunandi. Á þriðja degi gerði ég síðan krem og setti kökurnar saman.

Annað persónulegt verkefni var kaka sem ég bakaði fyrir stuttu fyrir vinkonu mína sem er mér mjög kær, þótt ég hafi aðeins þekkt hana í stuttan tíma. Hún var búin að standa í mjög erfiðri deilu, sem ég fer ekki nánar út í, en þegar sigurinn var unninn bakaði ég fyrir hana „kitsj og takkí“ ofurhetjuköku. Við vinkonur hennar komum henni síðan á óvart með kökuna og það var æðisleg stund. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að hægt sé að leggja allar sínar tilfinningar í baksturinn, þannig að viðtakandinn finni fyrir ástinni og umhyggjunni. Þess vegna baka ég ofboðslega oft fyrir fólk þegar mig langar að gleðja það – og það hefur ekki klikkað hingað til.“

En hvernig kom sú hugmynd upp að gefa út baksturbók?

„Ég get í raun þakkað öllum sem komu í bökunarmaraþonið fyrir þessa bók því eftir það fékk ég mikið sjálfstraust í að ég gæti gert það sem ég einsetti mér að gera. Þannig að stuttu eftir maraþonið hóf ég söfnun á hópfjármögnunarsíðunni Karolina Fund fyrir bókinni. Á síðasta degi söfnunarinnar tókst þetta allt saman og ég hélt að ég yrði bara hálft ár með bókina. Svo var nú reyndar ekki, og þurftu styrkjendur mínir að bíða í eitt og hálft ár eftir bókinni, en ég vona að hún sé þess virði. Þetta er mín fyrsta bók, en vonandi ekki sú síðasta. Þó að óöryggið blossi upp og ég sjái fullt af hlutum sem ég gæti gert betur þá finnst mér mjög gott að stíga út fyrir þægindarammann og búa eitthvað til upp á eigin spýtur. Svo er bakstursbók líka fullkomin afsökun fyrir mig til að baka daginn út og inn. Og gúffa svo temmilega mikið í mig. Ég hata það ekkert.

Svo vona ég, ef einhvern tímann kemur önnur bók, að ég fái tækifæri til að vinna með ljósmyndaranum Sunnu Gautadóttur aftur, en hún á

myndirnar í Minn sykursæti lífsstíll. Það má segja að kynni okkar hafi verið eins og blint stefnumót því hún sendi mér skilaboð á Facebook stuttu eftir að söfnuninni lauk og vildi fá að vinna þetta verkefni með mér. Ég tók því að sjálfsögðu fagnandi. Ég vissi hins vegar ekki hve rosalega góður ljósmyndari hún er fyrr en við byrjuðum að vinna saman. Þvílík fagmanneskja, en samt svo ljúf og góð. Hún veit nákvæmlega hvað hún vill og mér finnst myndirnar hennar lyfta bókinni upp á hærra plan. Þvílíkt augnakonfekt!“

Þegar bókin er loksins komin í heiminn er rétt að spyrja hvað taki næst við. Er hugmynd að næstu bók komin í vinnslu eða eitthvað annað?

„Ég hreinlega veit það ekki. Kannski bara eitthvað allt annað. En bloggið mitt, blaka.is, lifir allavega, þótt stundum komi ekkert þar inn í marga daga. Það er ekki á leiðinni neitt og er komið til að vera – enda lifir allt að eilífu á internetinu. Ég er með ýmsar hugmyndir að bókum í kollinum, en ég þarf að vera vel stemmd og eiga nógan tíma áður en ég hendi mér út í þetta aftur. Við eiginmaður minn gefum þetta út sjálf og það eitt og sér er hörkuvinna. En mikið djöfull er þetta gaman, þótt ég blóti nú aðeins. Það er fátt dásamlegra en að eiga sér draum og láta hann rætast – hvað sem það kostar. Ég mæli með því!“ ■

Bláberjaostakökuís úr smiðju Lilju Katrínar

Ís - Hráefni:
2 bollar rjómi
250 g mjúkur rjómaostur
1 dós sæt dósamjólk (sweetened condensed milk - 397 g)
1/2 tsk. sítrónubörkur

Aðferð:
Byrjið á því að taka til ílangt brauðform til að skella ísnum í. Þeytið svo rjómann og setjið til hliðar. Þeytið rjómaost, dósamjólk og börk vel saman í skál og bætið síðan rjómanum út í. Blandið honum varlega saman við með sleif eða sleikju. Skellið blöndunni í formið og fyrstið í 4 klukkustundir.

Bláberjablanda - Hráefni:
1 1/2 bolli bláber
3 msk. vanillusykur
2 msk. vatn
1/2 tsk. maíssterkja + 1 msk. vatn

Aðferð:
Setjið bláber, vanillusykur og vatn í pott og eldið yfir meðalhita í 5–7 mínútur. Hér viljum við að bláberin springi og hægt er að hjálpa þeim með því að ýta á þau reglulega með viðarsleif. Blandið síðan maíssterkju og vatni saman í lítilli skál og bætið út í bláberjablönduna eftir þessar 5–7 mínútur. Sjóðið í eina mínútu til viðbótar. Takið pottinn af hellunni, hellið blöndunni í litla skál og kælið í ísskáp þar til ísinn er búinn að vera í frysti í 4 klukkustundir. Takið ísinn úr frystinum og dreifið bláberjablöndunni ofan á hann. Gott er að taka gaffall og dreifa blöndunni með honum til að hún nái aðeins undir yfirborðið. Setjið ísinn aftur í frysti yfir nótt. Ég mæli svo með því að bera þennan unaðslega ís fram með ferskum bláberjum og hafrakexmylsnu. Það er dúndur!

EIGUM MARGA LITI Á LAGER
ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI
HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500
MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

ÓSAL
Varahlutaverslun og þjónusta
ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN
TANGARHÖFÐA 4
110 REYKJAVÍK
SÍMI 515 7200
www.osal.is
osal@osal.is
FAX 515 720

Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanívagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.
Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantanir á varahlutum.

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

- 495UL Excellent - **3.580.000 kr.**
- 495UL Premium - **3.990.000 kr.**
- 540UL Exellent - **3.970.000 kr.**
- 540UFe Excellent - **3.990.000 kr.**
- 560UL PREMIUM - **4.380.000 kr.**
- 560LU Excellent - **3.890.000 kr.**
- 560Kmfe DeLuxe Edition - **3.950.000 kr.**
- 650Kmfe DeLuxe Edition - **4.300.000 kr**

Verð skráð og með virðisaukaskatti. Athugið að verð eru með mikið af aukabúnaði. Öll með rafgeymakerfi.

Optima Premium T 65 FL
Verð 10.990.000 með vsk

Optima Premium T 70 F
Verð 11.850.000 með vsk

Nýir 2018 árgerðir með mikið af aukabúnaði: 16" álfelgur, Hjólagrind, Markisa, blindgardínur, Loftkæling, bakkmyndavél, leiðsögukerfi og margt fleira. Einnig hægt að fá dráttarkúlu. Hef einnig fleiri gerðir til afgreiðslu fljótt.

B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007

Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

DV
Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT 512 7070 ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson **Aðalritstjóri og ábyrgðarmaður:** Kristjón Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Sósíalískt aðhald Eyþórs

Margir hafa yppt öxlum yfir því sterka, félagslega sinnaða aðhaldi sem minnihlutinn í borgarstjórn sýnir nú. Í sameiningu hafa minnihlutaflokkarnir krafist aukafundar, eða réttara sagt neyðarfundar, um húsnæðismál utangarðsfólks. Ekki kemur á óvart að slík tillaga komi frá **Sönnu Sósíalista** og **Kolbrúnu** úr Flokki fólksins. En hvorki **Eyþór Arnalds** né **Vigdís Hauksdóttir** hafa verið þekkt fyrir að beita sér fyrir þessum málaflokki.

„Veturinn er framundan," segir Eyþór í Faceboo-færslu með alvarlegum tón líkt og verkalýðsforingi frá miðri síðustu öld. Hvort alvara liggi þarna að baki eða hvort þetta sé einungis aðferð til að veikja vinstristöðu meirihlutans og jafnframt þétta samstöðuna í minnihlutanum skal ósagt látið. En bæði Sönnu og Kolbrúnu virðist líka ágætlega í þessu samstarfi og mörgum vinstrimönnum finnst þetta óþægilegt.

Klókir Akureyringar

Margir eru undrandi á þeirri ákvörðun meirihlutans á Akureyri, sem samanstendur af Samfylkingu, Framsóknarflokki og L-lista, að ganga til viðræðna við **Ásthildi Sturludóttur** sem bæjarstjóra, en hún var áður bæjarstjóri í Vesturbyggð. Sér í lagi í ljósi þess að hún er Sjálfstæðiskona og dóttir **Sturlu Böðvarssonar**, fyrrverandi samgönguráðherra. En þetta kann að vera klókt bragð. Sjálfstæðismenn bjuggust við góðum sigri í sveitarstjórnarkosningunum í vor, jafnvel hreinum meirihluta, en raunin varð þriggja prósenta tap og óbreyttur fulltrúafjöldi. Gremja þeirra er því mikil og búist við harðari andstöðu á komandi kjörtímabili en verið hefur.

Sjálfstæðismenn eru langöflugasti minnihlutaflokkurinn í bænum en erfitt verður fyrir þá að beita sér af of mikilli hörku gegn bæjarstjóra og vonarstjörnu úr eigin flokki.

Nauðgun er lífstíðarákvörðun

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Átta kynferðisbrot voru tilkynnt um verslunarmannahelgina árið 2017, þar af sjö tengd útihátíðum. Fjögur af þeim voru framin á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Það er verra en 2016 þegar tvö voru tilkynnt en skárra en 2015 þegar fimm brot áttu sér stað á þessari stærstu útihátíð landsins. Þetta rokkar upp og niður, en er fasti í dagatalsárinu, rétt eins og Eurovison. Í hvaða sæti skyldum við lenda þar næst?

Auðvitað er talað um þetta á hverju ári en samt hverfur þetta ekki. Við vitum líka að tölurnar eru miklu hærri því fæst brotin eru tilkynnt. Verðum við að sætta okkur við þetta? Er ekkert hægt að gera?

Sumir gerendur eru auðvitað harðsvíraðir glæpamenn sem mæta í þeim tilgangi að brjóta af sér. Taka jafnvel með sér lyf til að byrla þolandanum. Það er kannski lítið hægt að segja við slíka menn, aðeins að þrýsta á stjórnvöld um að herða löggjöfina og þyngja refsingar til að þeir séu sem lengst í afplánun. Ég trúi því einhvern veginn ekki að hægt sé að breyta hugarfari slíkra manna, samviskulausra siðleysingja sem sjá ekki eftir neinu.

En þetta er ekki allt mengið. Sumir, oft ungir strákar, fara á útihátíð með þær áætlanir að djamma, hlusta á tónlist, skemmta sér og jafn vel lenda á séns. En koma svo kannski heim sem kynferðisafbrotamenn, hvort sem upp kemst um glæp þeirra eða ekki. Þeir eru samt orðnir kynferðisafbrotamenn og vita það sjálfir. Fengu allt í einu þá flugu í hausinn að nýta sér ofurölvi ástand stúlku eða neituðu að hætta þegar þeir voru beðnir.

Þennan hóp er hægt að vekja til umhugsunar um afleiðingarnar. Fá þá til að hugsa vel og lengi um hvort þá langi í alvörunni til þess að bera heitið kynferðisafbrotamaður hvern einasta dag þangað til þeir geispa golunni.

Ég legg það ekki í vana minn að umgangast kynferðisafbrotamenn. Í eitt skipti man ég eftir að hafa verið í boði þar sem dæmdur nauðgari var einnig gestur. Ég vildi ekki koma nálægt honum, helst ekki vera í sama herbergi. Mér bauð við honum. Ég veit samt að þetta var ekki maður úr fyrri hópnum, ekki harðsvíraður glæpamaður. Mér skilst að hann hafi verið vænsta skinn áður en hann tók þessa ákvörðun, því þetta er ákvörðun. Það lendir enginn í því að nauðga og ölvun getur aldrei verið afsökun.

Þeir sem ákveða að taka þetta skref verða líka að gera sér grein fyrir því að þeir þurfa ekki aðeins að umgangast ókunnugt fólk í boðum. Þeir þurfa að horfa framan í foreldra sína og systkini í matarboðum á sunnudögum. Er líklegt að mamma sé enn þá stolt? Þeir þurfa að hitta vinina en kannski hætta einhverjir að mæta til að horfa á enska boltann. En það versta hlýtur samt að vera nánasta fjölskyldan, verðandi maki og börn. Hvernig ætli það sé að segja þeim frá? Skömmin er aldrei þolandans, hún er alltaf gerandans. ■

> **Er líklegt að mamma sé enn þá stolt?**

Spurning vikunnar

Hvar verður þú um verslunarmannahelgina?

„Ég verð heima á Kópaskeri. Ég ætla ekkert að djamma eða halda partí."

Þröstur Sveinsson

„Verð heima í bænum í rólegheitunum."

Jökull Atli Harðarson

„Verð heima í bænum."

Hulda Karen Auðunsdóttir

„Allavega fer ég ekki til Eyja. Ætli ég verði ekki heima í góða veðrinu á Akranesi."

Sigríður Selma Sigurðardóttir

Atli Viðar upplifði hópeinelti og þunglyndi

Frelsaðist með listsköpuninni

Fann tilganginn í lífinu í gegnum útskurðarlist, tónlist og greinaskrif

Fjöllistamaðurinn **Atli Viðar Engilbertsson** hefur sameinað þrjú stærstu áhugamál sín í listsköpun; útskurðarlist, tónlist og skrif. Í samtali við DV segir hann að hann hafi skrifað sig upp úr þunglyndi á hinu fræga ári hrunsins, eins og hann orðar það, en þá frelsaðist hann með skrifum og sköpun eftir margra ára vanlíðan í kjölfar ástarsorgar.



Atli á bilinu 16–18. ára.



Textílskófatnaður sem Atli hnýtti.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Atli er fæddur á Árbakka við Tindilmýri á Snæfjallaströnd en búsettur á Akureyri í dag. Innan við tvítugt fór hann að sinna meðfæddum áhuga sínum á listum, hann hnýtti meðal annars skópör úr baggaböndum og netagirni. Þá fór hann að búa til klippimyndir, skrifaði smásögur og samdi rokklag á plötuna Húsið. Listaverk hans hafa verið sýnd meðal annars í Safnasafninu, Handverkshátíðinni á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit og alþjóðlegri textílsýningu á Kjarvalsstöðum.

„Þegar maður er að kynnast nýjum konum eða leita að nýrri ást á netinu og eitthvað slíkt, þá segi ég alltaf að atvinnan sé mitt áhugamál og áhugamálið mín atvinna," segir Atli og tekur fram að í raun þurfi þrjá menn til að sinna þeim störfum sem hann sinnir.

„Einelti er ekki bara einelti"

Að sögn Atla varð hann fyrir ógurlegu einelti í skóla sem krakki, af öllum gerðum, eins og hann bætir við. „Einelti er ekki bara einelti. Það getur verið líkamlegt og andlegt, eða hvort tveggja. Ég lenti sjálfur mikið í hópárásum," segir hann og fullyrðir að þessar minningar hafi fylgt honum í langa tíð og geri enn.

Tilveran fór aðeins að fara upp á við í kringum fjórtán ára aldurinn. Á þessum tíma var Atli undir miklum áhrifum hljómsveita á borð við Nasareth, Queen og ekki síst Kiss sem var að slá í gegn með þriðju plötu sinni á þessum tíma.

Þetta tímabil leiddi til þess að hann fór að herma eftir uppáhaldslistamönnum sínum og stefndi langt með þessum áhuga. Segist hann fljótlega hafa farið að fikta á gítar í kjölfar trommuæfinganna og rísandi tónlistaráhugans. „Svo komst maður að því að maður átti ekkert erindi í að syngja eins og maður var að gera, svo fór ég að prófa að syngja inn á tvær rásir og þá kom miklu meiri fylling. Tvær til fjórar raddir og náttúrlega „risa-ædolin" í Queen eru þekktar fyrir stórar raddir," segir Atli.

„Ég fann út frá þessu fyrir sterkri þörf fyrir tjáningu. Ég hvarf úr vinnu sem ég var í á þeim tíma og hentist í sköpun, sem þá var útskurður úr mörgu. Ástarsorg átti jafnframt stóran þátt í þeirri þörf sem ég fékk til að skapa og átti sinn sess í þunglyndinu að hluta til."

Undir áhrifum afa síns

Atli ræðir tímabil í sínu lífi þar sem hann upplifði sjaldan sem aldrei frið eða ró, hvorki frið fyrir sér sjálfum né öðrum röddum. „Ég hef alltaf verið viðkvæm sál og það má rekja til árásanna í skólanum," segir Atli. Þá rifjar hann upp minningu þegar hann var staddur á miðilsfundi, en þá hafði hann lengi fundið fyrir undarlegum áhrifum. „Miðillinn spurði mig hvort forfaðir minn ynni í gegnum mig."

▶

r
HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN
ÓTRÚLEG TILBOÐ
LAYLA PLUSH (160x200cm)
30% AFSLÁTTUR
Aðeins 130.415 kr.
Fullt verð 186.306 kr.
Dýna, botn og fætur fylgja
LAYLA PLUSH (180x200cm)
30% AFSLÁTTUR
Aðeins 157.509 kr.
Fullt verð 225.013 kr.
Dýna, botn og fætur fylgja
LAYLA PLUSH 30% AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
Layla er millistíf heilsudýna með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is
rekkjan HEILSURÚM

Loftbelgur úr pappa, úr Íslandsverki.



Útskurðslistaverk af Íslandi sem var til sýnis í 8 mánuði á Akureyri 2015.

Fjöllistamaðurinn kann betur við kátínu og léttleika en hið gagnstæða.

Á þessum tíma lokaði maður sig einfaldlega af og þá þýddi ekkert annað en bara fósturstellingin undir sæng

Við þessari spurningu segist Atli hafa giskað strax á að þarna væri um afa hans að ræða, enda hafði hann sjálfur unnið mikið í tónlist. „Það er ekki hægt að hringja inn í aðra heima til þess að athuga hvernig veðrið er, en við þurfum að bæta úr því," segir Atli kátur.

Að sögn Atla spilaði afi hans í móðurætt, Daníel Rögnvaldsson, mikið fyrir dansi á harmóniku og segir Atli að foreldrar hans hafi kynnst í dansi við harmónikuleik hans. „Þannig varð svo einnig að meira en helmingur afkomenda afa míns er í tónlist á ýmsan hátt," segir Atli.

„Einnig var það að Daníel afi stundaði mikla vinna við smágerða hluti úr tré í garðskúr sínum á Ísafirði á efri árum. En þar þurfti oft að tengja saman hluti á borð við lamir eða hjarir. Þar notaði afi plastbönd utan af plaströrakippum orkuveitna. Ósjálfrátt og sjálfskapað var ég farinn að nota sömu aðferð í mínar handverkslistir, en þá meina ég gul einþátta plastbönd. En notaði ég blá og gul bönd utan af heyböggum og hnýtti mottur, en ég keypti líka mikið af garni og snæri og hnýtti gólf og veggmottur auk skreytinga utan um glerkúlur og hnýtti einnig skófatnað, sem enginn hefur leikið eftir."

Í fósturstellingunni í áraraðir

Að sögn Atla hrundi andlega heilsan árið 1990 og hann jafnaði sig ekki aftur fyrr en rúmum hálfum öðrum áratug síðar, en orsökina segir hann hafa verið af ýmsum toga og lék sjálfstraust og einelti þar stórt hlutverk. „Á þessum tíma lokaði maður sig einfaldlega af og þá þýddi ekkert annað en bara fósturstellingin undir sæng," segir hann.

„Ég prófaði ýmsar geðdeildir og athvörf en svo gerðist það 2008, á því fræga hrunári, að ég fór að skrifa greinar í Morgunblaðið og á þeim árum voru komnar 30 greinar frá 2008 til 2013. Þegar maður sá hverja birtingu eftir sig þá í rauninni bara frelsaðist maður. Maður fylltist svo miklu stolti yfir afköstunum að mann langaði að dansa um bæinn."

Atli segist hafa sérhæft sig í geðheilbrigðismálum og stjórnmálum þegar kom að greinarskrifum, en þau leiddu síðar meir til innblásturs fyrir leikritasmíði. Tekur hann þá fram að hann hafi sigrast á þunglyndinu í gegnum skrifin og sköpunargleðina. „Þetta veikindatímabil kalla ég eyðuna í mínu lífi," segir hann.

Ekki í stuði fyrir alvarleika

Atli segir að eftir eyðuna sína hafi hann upplifað mátt húmorsins. „Húmor getur bjargað mjög mörgum og bjargaði mér á marga vegu," segir hann. „Mér gengur vel núna í dag miðað við að sumt í mínum tónlistargenum var undir andlegu frostmarki í mörg ár. Þetta er allt á réttri leið."

Þá segir Atli að stórir draumar séu í pípunum og vill hann ólmur skrifa sjónvarpsþætti og kvikmyndir. „Ég er mikill bíóáhugamaður og vona að ég eigi eftir að leikstýra eigin mynd einhvern daginn." Auk ýmissa leikrita hefur hann klárað handrit að söngleik. Þar er dreginn innblástur frá tónlistaráhrifum hans og fyrirmyndum, en fjöllistamaðurinn stendur fast á því að vilja forðast alvarleg-heit í framtíðarverkum sínum, ekki síður ef þau rata á hvíta tjaldið einhvern daginn.

„Það er bókstaflega farið að pirra mig hvað íslenskar kvikmyndir eru oft dapurlegar og hve oft ríkja í þeim of mikil leiðindi," segir hann og nefnir tvær kvikmyndir sem hann hefur nýlega séð sem að hans mati fóru of langt í alvarleikanum, en þær eru Svanurinn og Vargur. „Ég er bara ekki í stuði fyrir slíkt," bætir hann við og segir að, skyldi hann fá tækifærið til þess, myndi hann gera eitthvað meira í líkingu við stemninguna í Mamma Mia-myndunum stórvinsælu. ■

Brot af því besta

03. águst 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is **Umsjón:** Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is

PARTASOLUR.IS

VANTAR ÞIG ÓDÝRA VARAHLUTI?
ALLAR PARTASÖLUR LANDSINS Á EINUM STAÐ

ÞREFÖLD GÆÐI MIÐAÐ VIÐ SAMBÆRILEG TÆKI Í SAMA VERÐFLOKKI

Nýir símar í sérflokki

Mi Iceland er viðurkenndur dreifingaraðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækjaframleiðandann Xiaomi eða Mi, sem hefur skapað sér sterkan sess í tækniheiminum með áreiðanlegum tækjum á góðu verði. Fyrsti síminn frá Mi kom á markaðinn árið 2011 og aðeins þremur árum síðar var framleiðandinn orðinn sá þriðji stærsti í heiminum.

Snjallsímarnir frá Mi eru í nokkrum verðflokkum og hægt er að fá mjög góðan snjallsíma fyrir aðeins 25.000 krónur. Með slíkum síma er hægt að gera allt sem maður notar hefðbundinn snjallsíma í, rafhlaðan er endingargóð og myndavélin er sérlega góð, sem er mjög eftirsóttur kostur í snjallsímum í dag. Einn vinsælasti eiginleiki þessara síma er sá að þeir bjóða allir upp á tvö símakort og þar af leiðandi sameina þeir vinnu- og persónulega símann í einn síma.

Nýjasti síminn frá Mi Iceland er Redmi Note 5 Pro. Sá sími styður hraðhleðslu, er með tvöfalda myndavél að aftan sem skilar einstaklega skýrum myndum og hefur endingargóða rafhlöðu, sem skiptir mestu máli þegar upp er staðið.

Nýjasta flaggskipið hjá Mi Iceland er Mi Mix 2S. Sá sími er úr vinsælu Mix-línunni sem á sínum tíma var brautryðjandi í hönnun farsíma úti um allan heim þar sem skjárinn þekur nánast allan flöt símans. Síminn inniheldur svo alla nýjustu þróun á snjallsímum og má þar nefna einn hraðasta örgjörvann, 64GB innbyggt minni og 6GB vinnsluminni, hrað- og þráðlausa hleðslu og nýja og endurbætta tvöfalda myndavél.

Önnur smærri en nytsamleg vara, sérstaklega á ferðalögum í sumar, er 10.000mAh hleðslubankinn. Með þessari græju er hægt að hlaða flest snjalltæki á borð við farsíma og spjaldtölvur hvar sem er með stóru rafhlöðunni sem er innbyggð. Alveg ómissandi græja fyrir ferðalögin í sumar!

Mi Iceland er vefverslun sem sendir hvert á land sem er og er enginn sendingarkostnaður. Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni mii.is

Mi Mix 2S

Redmi Note 5 PRO

Hleðslubanki

LINDARFISKUR

Ferskasti fiskurinn á landinu

Lindarfiskur er lítið fjölskyldufyrirtæki staðsett í Meðallandinu rétt austan við Vík. „Móðir mín er frá þessari jörð og er staðurinn algerlega einangraður. Aðalverðmætin á jörðinni er allt þetta tæra lindarvatn sem streymir hér beint úr eldhrauninu og því er staðurinn fullkominn fyrir bleikjueldi," segir Drífa Bjarnadóttir, einn eigandi Lindarfisks. „Við fjölskyldan eigum og rekum Lindarfisk saman. Það eru ég og maðurinn minn, Árni Jóhannsson, systir mín, Sigrún Bjarnadóttir, og foreldrar okkar, þau Helga Ólafsdóttir og Bjarni Jón Finnsson," segir Drífa.

Alger sjálfbærni

Fyrstu bleikjuhrognin voru tekin hjá fyrirtækinu árið 2011 og síðan þá hefur Lindarfiski svo sannarlega vaxið fiskur um hrygg. „Við stefnum að algerri sjálfbærni og gerum því allt sjálf. Nýlega fengum við okkur svín sem éta nánast allan afskurðinn af bleikjunum og afgangurinn er svo notaður í áburð. Fiskinn vinnum við alfarið á svæðinu. Það hefur gengið hægt en örugglega að koma fyrirtækinu á þann stað sem það er í dag og munum við von bráðar selja vörur okkar í stórmarkaði. Við höfum meðal annars hannað neytendaumbúðir sem eru svartar og nær ógegnsæjar til þess að stuðla að ferskari og betri vöru. Að auki höfum við hugsað okkur að fara í útflutning á eldisbleikju, enda erum við með ótrúlega ferska vöru í höndunum," segir Drífa.

Tærasta vatnið, ferskasti fiskurinn

„Við leggjum mjög mikið upp úr ferskleika, það er eitthvað sem við getum bara alls ekki slegið af hérna hjá Lindarfiski. Hrognin fáum við frá kynbótastöðinni á Hólum í Hjaltadal sem framleiðir fyrsta flokks hrogn. Þau ölum við svo hér í Meðallandinu í kerjum og svokölluðum lengdarstraumsrennum. Hér rennur ferskt og tært vatn beint úr lindaruppsprettum og fiskurinn er eins ferskur og getur orðið," segir Drífa.

Hafðu samband

„Við erum aðallega að selja bleikju til veitingastaða sem undantekningalaust lofa bleikjuna okkar í hástert," segir Drífa. Enn sem komið er selur Lindarfiskur ekki vörur í stórmörkuðum en til þess að versla beint við Lindarfisk er hægt að hringja í Drífu í síma 663-4528 eða senda henni netpóst á drifa@lindarfiskur.com.

Nánari upplýsingar má nálgast á Lindarfiskur.com eða Facebook: Lindarfiskur.

Einnig heldur Lindarfiskur úti síðu á Instagram : lindarfiskur, sem er stórskemmtilegt að fylgjast með.

„Meðallendið er uppeldisstaður mömmu," segir Drífa.


Ferskur fiskur úr tærri lind.

Það elska allir bleikjuna frá Lindarfiski.

ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA

hellulagnir, pallasmíði og skjólveggir



Garðaþjónusta Kópavogs er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í alhliða garðaþjónustu. Kópavogsbúar þekkja vel til vandaðra verka fyrirtækisins sem hefur um árabil séð um að prýða garða, hreinsa beð og helluleggja. Helgi Bersi Ásgeirsson garðyrkjumaður segir að aðaláhersla fyrirtækisins sé lögð á almennt viðhald á görðum sem og gerð nýrra garða.

„Við sérhæfum okkur meðal annars í að helluleggja en það er einmitt mikið um að fólk sé að helluleggja um þessar mundir. Við aðstoðum einnig viðskiptavini við hönnun og skipulag á görðum," segir hann.

Einnig smíðar Garðaþjónusta Kópavogs palla og skjólveggi.

Hvers kyns garðaþjónusta

„Garðaþjónusta Kópavogs sinnir einnig tyrfingu, jarðvegsskiptum, trjáfellingu og trjáklippingu. Þótt fyrirtækið sé eyrnamerkt Kópavogi þá förum við gjarnan yfir bæjarmörkin og vinnum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið, ef því er að skipta. Við leitumst líka við að hagræða verkefnum og vinnutíma eftir þörfum viðskiptavina hverju sinni."

Garðaþjónusta Kópavogs er með áratuga reynslu í hvers kyns garðaþjónustu og leggur mikinn metnað í að þjónusta fjölda einstaklinga, fyrirtækja og húsfélaga í almennu garðaviðhaldi yfir allt sumarið.

Garðaþjónusta Kópavogs
Austurkór 63, Kópavogur.
Sími: 859-7090.
Garðaþjónusta Kópavogs er á Facebook: gardakop

ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Hellulagnir, Þökulagnir, Jarðvegsskipti, Beðahreinsun, Trjáfellingar, Trjáklippingar og margt fleira.

Austurkór 63, Kópavogi
Sími: 859 7090

Garðaþjónusta Kópavogs

facebook.com/gardakop
gardakop@gmail.com

Flest sem lýtur að smíði og garðvinnu

Matthías Pétursson húsgagnasmiður er með yfir þrjátíu ára reynslu af smíði og vinnur með Matthíasi syni sínum, sem er að ljúka námi í húsasmíði, og mun taka við rekstri föður síns þegar fram líða stundir. Þeir feðgar taka að sér flest það sem lýtur að smíði, nýsmíði og lagfæringum. Matthías segist lengi vel hafa unnið við sérsmíði á innréttingum:

„Undanfarin ár hefur sérsvið mitt hins vegar verið garðar og hellulögn. Ég tek að mér fjölbreytt verkefni eins og sumarhús, einkalóðir, lóðir undir nýbyggingar og eins eldra húsnæði. Að auki sé ég um nýja garða og endurgerð eldri garða."

Sólpallar, skjólveggir og hellulögn

„Yfir sumartímann huga margir að sólplöllum enda eru þeir ekki bara til þess að njóta sólarinnar heldur nýtast einnig sem frábær framlenging á sjálfri stofunni," segir Matti. „Það er einnig annatími í hellulögn og girðingum. Skjólveggir, bekkir, kofar og geymslur spretta upp eins og gorkúlur í görðum landsmanna með hækkandi sól," bætir hann við og nefnir að fátt sé skemmtilegra en vorverkin.

Heitir pottar – framlenging á stofunni

„Fjölmargir hafa fengið sér heitan pott í garðinn á undanförnum árum. Það skiptir meginmáli að pallurinn við pottinn sé vel úthugsaður og huga þarf vel að staðsetningu og umhverfi pottsins. Best er að pallurinn sé á tveimur hæðum og smíða tröppur á snyrtilegan hátt upp á efri pallinn til þess að auka rýmið umhverfis pottinn. Tröppurnar geta svo einnig nýst fyrir blómapotta og luktir sem gera umhverfið mun hlýlegra við pottinn. Á efri pallinum myndast þá líka rými fyrir borð og stóla. Þegar sólpallar eru ekki stórir eins og í þessu tilfelli er mikið atriði að fella pottinn inn í umhverfið til þess að skapa rými. Rýmið umhverfis pottinn er t.d. hægt að nota fyrir glös og diska þegar hann er í notkun."

Finna einnig fallegar lausnir fyrir landsbyggðina

„Við Mattarnir smíðum líka utan um sorptunnur á faglegan hátt og búum til falleg blómabeð til skrauts og ofan á hleðslur. Við notum ýmsar viðartegundir við smíðina eins og t.d. lerki, eik, furu og jafnvel tekk. Við tökum glaðir við verkum á landsbyggðinni og höfum sinnt verkefnum um land allt, eins og t.d. á Flúðum, Þingvöllum, Snæfellsnesi og í Skorradal. Við Mattarnir smíðum í raun allt sem hugsast getur – innandyra sem utan. Við getum séð um parketlögn, parketslípun, milliveggjasmíði, uppsetningu innréttinga, uppsetningu hurða, þakviðgerðir og fleira," segir Matti.

Matti smiður, netfang: mattismidur@mattismidur.is, sími: 893-3300 og 691-0621 www.mattismidur.is.

Þúsundþjalasmiður Matti er með yfir 30 ára reynslu í faginu og hefur í gegnum árin smíðað nokkur hundruð sólpalla með öllu tilheyrandi.



KRANALEIGAN ÁB LYFTING:

Stærsti krani landsins og sex félagar hans

Kranaleigan ÁB Lyfting er klárlega fyrsti kostur þegar þörf er á kranaþjónustu við stærri verkefni enda hefur fyrirtækið meðal annars yfir að ráða stærsta krana landsins. „ÁB Lyfting hefur verið starfandi síðan árið 1999 en ég hef starfað í þessu fagi í tæplega 40 ár," segir framkvæmdastjórinn Ástþór Björnsson.

„Við erum með sjö glussakrana sem taka frá 35 tonnum upp í 300 tonn en þessi 300 tonna er stærsti krani landsins. Hann vegur einn og sér án nokkurrar hleðslu heil 72 tonn. Þessir kranar eru allir meira og minna stöðugt í útleigu. Við þurfum sjálf að sjá alfarið um alla vinnu á krönunum, þetta eru það sérhæfð verkefni. Stór hluti af verkefnunum er annars vegar hífingar og lyftingar við byggingarvinnu og hins vegar skipavinna, þ.e. uppskipun. En einnig eru þetta margs konar önnur verkefni þar sem lyfta þarf mjög þungum hlutum," segir Ástþór.

Meðal þekktra verkefna hjá ÁB Lyftingu eru hífingar á öllum vindmyllum sem reistar hafa verið á landinu. Enn fremur sér fyrirtækið um að lyfta upp gömlum sögufrægum húsum fyrir Minjavernd. „Við hífðum líka rafala og túrbínur í Hellisheiðarvirkjun. Auk þess höfum við skipað upp gröfum fyrir Eimskip í Helguvík og Húsavík, svo fátt eitt sé nefnt," segir Ástþór.

Þýska stálið blífur

Allir sjö glussakranarnir í eigu Kranaleigunnar ÁB Lyfting koma frá einum og sama framleiðandanum, Grove í Þýskalandi. Þjóðverjar eru annálaðir fyrir framleiðslu á framúrskarandi þungavinnuvélum og ÁB Lyfting vill bara notast við það besta á markaðnum. Myndir af Grove-krönunum prýða þessa grein.

Þeir sem vilja fá nánari upplýsingar eða þurfa á fyrsta flokks kranaþjónustu að halda geta hringt í síma 896-2301 fyrir frekari upplýsingar. Einnig má senda fyrirspurn í tölvupósti á netfangið ablyfting@simnet.is.

TÓNASTÖÐIN

kaup á hljóðfærum og fylgihlutum, fyrir alla

Tónastöðin, ein rótgrónasta hljóðfæraverslun landsins, fagnaði 30 ára afmæli í fyrra, en hjónin Andrés og Hrönn stofnuðu Tónastöðina árið 1987 á Akranesi. Frá árinu 1995 hefur hún verið í Skipholti. Á þessum árum hefur safnast upp gífurleg reynsla og þekking í versluninni, sem þjónustar jafnt byrjendur sem lengra komna.

„Gæði hafa ávallt verið aðalsmerki hjá okkur. Við erum með allt til alls fyrir hljóðfæraleikara og tónlistarmenn. Við leggjum mikla áherslu á að þjónusta börn og byrjendur vel og erum líka ráðgefandi fyrir foreldra," segir Andrés. „Gítarar og píanó eru sívinsæl, en upphaflega var verslunin stofnuð til að selja blásturshljóðfæri og þau hafa verið stór þáttur hjá okkur.

Við lögðum upp með að þjónusta tónlistarskólana og nemendur þeirra og þar skipta gæði auðvitað höfuðmáli."

Allt í boði sem þarf til tónlistariðkunar

Tónastöðin er svokölluð „full line" verslun og býður upp á trommur, gítara, píanó, fiðlur og flautur svo fátt eitt sé nefnt, auk allra fylgihluta og nótnabóka.

„Eitt er að selja hljóðfæri, annað að þjónusta þau eftir á," segir Andrés. „Mesta áherslan hefur alltaf verið á gæði þess sem við seljum. Kjörorð okkar er: „Það besta verður ávallt ódýrast" því bestu kaupin eru í hlutum sem bæði endast vel og eldast vel. Auk þess eru okkar vörur á hagstæðu verði. Hljóðfæri eru almennt ódýr á Íslandi miðað við löndin í kringum okkur því við gerum okkur grein fyrir því að við erum í alþjóðlegri samkeppni. Það er líka nauðsynlegt að þreifa á hljóðfærum og prófa þau áður en maður kaupir þau.

Við erum með allar tegundir af hljóðfærum í miklu úrvali, trommur, píanó, gítara, rafmagnsgítara, upptökutæki, magnara – við höfum þetta allt. Gítareffektar eru hér í úrvali sem þekkist ekki annars staðar á landinu. Þetta vita íslenskir hljóðfæraleikarar og við fáum mikið hrós frá útlendingum sem undrast úrvalið. Þá erum við með óviðjafnanlegt úrval af upptökutækjum. Bæði RODE og ZOOM-tækin hafa til dæmis verið gríðarlega vinsæl: upptökutæki, hljóðnemar og vídeóupptökutæki."

Mesta úrval nótnabóka á landinu

Tónastöðin hefur skapað sér sérstöðu á margan hátt. Til dæmis er þar mesta úrval af nótnabókum á landinu og Tónastöðin hefur alltaf verið stolt af nótnadeildinni. Mörg þúsund titlar og ættu flestir sem langar til að spila uppáhaldslögin sín að geta fundið nótur af þeim.

„Kennarar hafa komið frá meðal annars Noregi og Skotlandi til að kaupa nótnabækur og segjast hvergi komast í betri nótnaverslanir í sínum heimalöndum," segir Andrés. „Ferðamenn koma mikið til okkar, og heimsóknir þeirra og kaup hafa aukist, sérstaklega á dýrari hljóðfærum."

Nýjungar í hljóðfærum

Það skemmtilegasta sem við gerum er að kynna nýjungar í hljóðfærum og tækjum: „Við erum til dæmis með hljóðfæri sem heitir Merlin, sem mætti kalla nútíma langspil. Svo eru til mörg afbrigði af gítörum, ekki bara þessi hefðbundni gítar."

Að sögn Andrésar kostar það furðulítið í dag að koma sér upp búnaði til að spila og taka upp tónlist: „Það er hægt að koma sér upp ótrúlega góðum búnaði fyrir lítinn pening í dag – sem er mikil breyting frá fyrri tíð. Okkar viðhorf er líka að menn eigi ekki að offjárfesta þegar þeir taka fyrstu skrefin, en fá samt nógu mikil gæði til að þeir verði ekki fyrir vonbrigðum. Við þurfum oft að ráðleggja fólki og hér er til staðar þekking og reynsla til þess. Allir sem hér starfa eru með yfirgripsmikla þekkingu og hafa annaðhvort kennt lengi eða starfað lengi í þessum bransa."

Hljóðfæri og tónlistarsköpun þróast í takt við tæknina

Tæknin hefur hafið innreið sína í tónlistina og hljóðfæri og Tónastöðin býður upp á margar hentugar lausnir fyrir þá sem vilja skapa tónlist með tölvum.

„Það eiga allir tölvu í dag, við erum með upptökukort og tæki sem er hægt að tengja við tölvuna," segir Andrés. „Við erum með tæki fyrir þá sem spila ekki á píanó, þá eru til aðrar lausnir eins og Notepad."

Tónastöðin er ekki með verkstæði, en sinnir smáviðgerðum, eins og skipta um strengi og þess háttar, en tekur hljóðfæri inn til viðgerðar og er í góðu samstarfi við viðgerðaraðila.

Gæðagjafir sem endast – gjafabréf í boði

Andrés bendir á að hljóðfæri og upptökubúnaður séu gjafir sem endast og séu því margfaldlega peninganna virði: „Góðir íþróttaskór kosta tugi þúsunda og endast árið en góður gítar getur enst alla ævi."

Gjafabréf í Tónastöðinni eru ávallt vinsæl enda svo margt til þar sem gleður tónlistarmenn og tónlistaráhugafólk. Hægt er að fá gjafabréf með upphæð að eigin vali. En það er líka auðvelt að skipta vörum ef það heppilegasta hefur ekki verið keypt.

„Þetta er skemmtilegur bransi og viðskiptavinirnir líka, mér hefur aldrei leiðst í þessi 30 ár sem ég hef verið hér," segir Andrés, en viðskiptavinirnir eru á öllum aldri og mislangt komnir í tónlistinni. Af og til hefur Tónastöðin verið með viðburði, tónleika og kynningar og stendur til að halda því áfram. „Það er mjög gaman, við erum með svið hér í versluninni."

Tónastöðin er til húsa í Skipholti 50d, Reykjavík, sími er 552-1185 og netfang: tonastodin@tonastodin.is. Facebook: tonastodin.

Opið er kl. 10–18 virka daga og kl. 10–15 á laugardögum.

VEGAMÁLUN GÍH

Bílastæðamálun um allt land

Vegamálun GÍH annast bílastæðamálun og aðrar tengdar gatnamerkingar. Fyrirtækið er með margra ára reynslu í vegmerkingum og hefur tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum. „Við búum yfir fagþekkingu í bílastæðamálun sem nauðsynlegt er að hafa til þess að ná sem bestri nýtni úr bílaplaninu," segir Gautur Ívar Halldórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Kostnaður við að mála eitt dæmigert húsfélagsplan er oft minni en fólk heldur. Metraverð fer eftir fjölda; því fleiri metrar því lægra einingarverð," segir Gautur Ívar aðspurður um kostnað við framkvæmdir sem þessar.

„Áreiðanleg og góð þjónusta er okkar helsta markmið og að viðskiptavinurinn verði fyrir sem minnstum óþægindum á framkvæmdatíma."

„Fyrirtækið hefur vaxið ár frá ári og er stefnt á að bæta við vélum og tækjum í flotann til að geta annast fleiri verkefni," segir Gautur Ívar að lokum.

Kostar ekkert að fá tilboð í bílaplanið

Það er frítt að fá tilboð í bílaplanið, hægt er að óska eftir tilboðum á heimasíðu fyrirtækisins www.bilastaedamalun.is, í gegnum netfangið gih@gih.is eða í síma 894-1500.

FLUTNINGUR.IS:

Traustur félagi í flutningum

Flutningur.is er gróin sendibílastöð sem hefur veitt trausta þjónustu í þrjá áratugi og hefur yfir að ráða afar fjölbreyttum bílaflota fyrir hin ýmsu verkefni. Auk þess er stöðin með öll nauðsynleg léttitæki sem þörf er á við flutninga, hvort sem er á búslóðum eða vöruflutninga.

Stöðin býður upp á allar stærðir sendibíla sem henta bæði í lítil og stór verkefni. Bílstjórarnir eru reynslumiklir og færir og leggja sig fram um að veita góða þjónustu. Þeir sem standa í búslóðaflutningum geta treyst því að búslóðin sé flutt hratt en af varkárni á milli staða.

Vöruflutningar

Flutningur.is sér um að losa gáma hjá skipafélögum og koma vörunni til fyrirtækja og einstaklinga. Hægt er að flytja tvo gáma í einu og losa þá við húsdyr fyrirtækja og einstaklinga fyrir mjög hagstætt verð. Flutningur.is hefur yfir að ráða góðri gámalyftu fyrir 20 feta gáma, gámagenga lyftara og ýmsum öðrum léttitækjum og fylgist vel með nýjungum og þróun tækjabúnaðar á þessu sviði.

Ef þú þarft að flytja eitthvað, stórt eða lítið, búslóð, vörur eða eitthvað annað, þá er Flutningur.is líklega mjög heppilegur kostur fyrir þig. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni flutningur.is, facebook.com/Flutningur5753000/ og í síma 575-3000

NOKKUR GÓÐ RÁÐ VARÐANDI FLUTNINGA FRÁ FLUTNINGI.IS

1. Sankaðu að þér sterkum kössum í nokkrum stærðum. Einnig er gott að hafa eftirfarandi við höndina þegar pakkað er: kúluplast, dagblöð, skæri, sterkt límband og góðan merkipenna.

2. Pakkaðu þungum hlutum, eins og bókum, í minni kassa svo þeir verði ekki of þungir. Í stærri kössum skulu þyngri hlutir vera neðst og þeir léttari efst. Pakkið hverjum hlut í dagblöð eða kúluplast ef þeir eru viðkvæmir. Ef of rúmt er um hluti í kassanum, fylltu þá upp í hann með dagblöðum eða öðru slíku.

3. Pakkaðu öllu því sem á að fara í sama herbergi í sama kassa og merktu hann herberginu. Taktu fyrir eitt herbergi í einu, pakkaðu fyrst litlum munum til að koma þeim frá. Merktu utan á kassann hvað er í honum.

4. Pakkaðu og merktu sérstaklega þá kassa sem opna á fyrst af öllum þegar komið er á áfangastað. Í kassanum eiga að vera ómissandi hlutir sem notaðir voru fram á síðasta dag, líkt og uppþvottalögur, klósettpappír, plastdiskar og hnífapör og ýmislegt það sem fjölskyldan þarf að nota áður en hægt er að taka upp úr öllum kössunum.

5. Þegar stærri hlutir eru teknir í sundur, líkt og borð, hillur og skápar, er gott að geyma verkfæri í einum vel merktum poka eða kassa til að auðvelda samsetningu á nýja staðnum. Skrúfum er gott að tylla og jafnvel líma aftur í þau göt sem þær eiga að vera í.

6. Settu allan rafeindabúnað eins og fjarstýringar, millistykki og straumbreyta á einn stað.

7. Staflaðu kössunum þegar búið er að loka þeim. Gott er að nýta eitt herbergi undir kassana, þannig er hægt að klára að þrífa hinn hluta hússins.

Einstök upplifun í bátsferðum um eyjarnar

Bátsferðir um Vestmannaeyjar eru draumkennd og einstök upplifun sem blaðamaður DV getur vitnað um eftir að hafa farið í eina slíka siglingu fyrir nokkrum árum. Fjölskyldufyrirtækið Viking Tours hefur boðið upp á þessar ógleymanlegu ferðir í 18 ár en um tvenns konar ferðir er að ræða, annars vegar 90 mínútna hringferð um eyjarnar og hins var þriggja og hálfs klukkustundar Surtseyjarferð.

„Vestmannaeyjar eru mjög sérstakur staður í samanburði við Ísland almennt og hér er landslag allt öðruvísi. Það hefur komið á daginn að fólk sem fer í þessar ferðir einu sinni, það kemur aftur," segir Sigurmundur G. Einarsson, eigandi Viking Tours.

Hringferðin umhverfis Heimaey er farin tvisvar á dag en Surtseyjarferðin einu sinni á dag. „Í hringferðinni erum við að fara inn í hella og að fuglabjörgunum. Ég spila alltaf á saxófón inni í hellunum, það er okkar sérstaða sem enginn annar er með. Hljómurinn inni í hellunum er á sömu tíðni og mannsrödd og er einstaklega fallegur," segir Sigurmundur.

Hringferðin umhverfis Heimaey hefst í höfninni sem hraunrennslið var nærri því búið að loka í eldgosinu á Heimaey 1973. Í bátsferðinni má sjá litríka hella sem öldurnar hafa myndað í gegnum tíðina, yngstu eyjuna Surtsey, ásamt hinum eyjum Vestmannaeyjaklasans og hin fjölmörgu fuglabjörg. Þar er hægt að sjá fjölbreyttar fuglategundir og ef heppnin er með – hvali. Síðasta viðkoma í ferðinni er í Klettshelli sem er þekktur fyrir frábæran hljómburð og þar blæs Sigurmundur gjarnan í saxófóninn. Ferðin endar svo aftur þar sem hún byrjaði.

Surtseyjarferð hefst og endar á Heimaey. Surtsey er yngsta eyja Vestmannaeyjaklasans, en hún reis úr sjó í eldgosi 1963 sem stóð í fjögur ár. Á leið til og frá Surtsey er siglt framhjá 12 eyjum klasans sem allar eru heimili fjölmargra fjölbreyttra fuglategunda. Ekki er óalgengt að hvalir sjáist í þessari ferð, m.a. háhyrningar sem oft halda til á þessum slóðum. Hápunktur ferðarinnar er að sjálfsögðu Surtsey, en ekki er leyfilegt að fara í land, þar sem einungis vísindamenn hafa heimild til þess.

Sem nærri má geta eru þessar einstöku bátsferðir afar vinsælar jafnt meðal Íslendinga sem erlendra ferðamanna:

„Meðal þeirra sem koma er fólk sem áður hefur farið í siglingu þegar það kom á Pæjumótið og Shellmótið með krakkana sína. Núna þegar börnin eru orðin eldri koma foreldrarnir með þau í eyjasiglingu svo þau geti upplifað þetta líka," segir Sigurmundur.

Miðar í ferðirnar eru seldir á vefsíðu Viking Tours, vikingtours.is. Einnig er hægt að kaupa miða á skrifstofu fyrirtækisins að Strandvegi 65, Vestmannaeyjum.

Nánari upplýsingar um ferðirnar er að finna á vikingtours.is.

Sigurmundur blæs í saxófóninn

Inni í helli

LITLA TRÉSMIÐJAN:

„Hverri kistu fylgir ákveðin tilfinning“

Litla trésmiðjan, líkkistuvinnustofa og trésmiðja var stofnuð á Akureyri í janúar árið 2010. Flestar kisturnar eru seldar í gegnum Útfararstofu Kirkjugarða Akureyrar, en einnig selur Litla trésmiðjan út fyrir Akureyri. Fólk kemur til Litlu trésmiðjunnar til að skoða og segir eigandi hennar það alltaf góða tilfinningu.

„Ég er aðallega að smíða líkkistur,“ segir Sigurður Óli Þórisson, trésmiður og eigandi Litlu trésmiðjunnar. „Einnig smíða ég glugga og opnanleg fög í eldra húsnæði og stundum hurðir. Svo eru húsgagnaviðgerðir hluti af starfseminni, bæði á nýjum og svo eldri húsgögnum.“

Sigurður Óli flutti 17 ára til Akureyrar, lærði húsasmíði og fékk meistararéttindi og hefur unnið við trésmíðar meira og minna allt sitt líf, eins og hann segir sjálfur. Eftir hrun hannaði hann, ásamt Sæmundi Friðfinnssyni, líkkistuna sem fyrst var framleidd hjá Tréborg á Akureyri. Árið 2010 ákvað Sigurður Óli að halda einn áfram með líkkistusmíðina og hefur hann starfað við það síðan.

Umræðan um andlát orðin opnari frá því sem áður var

„Það er opnari umræða í dag, andlát og útfarir voru lítið rædd á almannafæri áður fyrr. Nú er fólk opnara fyrir þessum hlutum. Það er betra að það sé þannig. Eftir fæðingu verður dauðinn ekki umflúinn. Hins vegar eru endalokin ekki alltaf tímabær því miður.“

Íslensk hönnun smíðuð af kostgæfni

Líkkisturnar eru aðallega smíðaðar úr MDF-plötum og sprautaðar hvítar. „Í gamla daga voru líkkisturnar svartar, þá voru þær bikaðar. Síðan urðu þær hvítar, en ég hef einnig sprautað þær í lit eftir óskum hverju sinni. Við hönnun fórum við aftur í tímann með formið og fólki finnst vel hafa til tekist. Maður er ánægður og stoltur,“ segir Sigurður Óli. „Maður er einn að vinna við smíðina, þannig að hún er íslenskt handverk og hönnun, ekki verksmiðjuframleiðsla. Ég vinn hverja kistu alveg frá upphafi til enda, ég smíða krossa, alla fylgihluti og bólstra kistuna. Gæðaeftirlitið er þannig, að þegar ég er orðinn ánægður með handverkið má afhenda kistuna. Ein kista er gott dagsverk. Stærri kistur eru meiri vinna og því aðeins dýrari. Samt stenst Litla trésmiðjan allan verðsamanburð. Innflutningur er stærsti keppinauturinn.“

Litla trésmiðjan er að Austursíðu 2, Akureyri. Síminn er 898-7686 og heimasíðan er kistur.is.

LAUGIN

Heiti potturinn og allt fyrir hann

Laugin ehf. hefur starfað frá árinu 2012 og er í dag einn helsti sölu- og þjónustuaðili í heitum pottum og skyldum vörum. Jafnframt býður Laugin ehf. upp á alhliða viðgerða- og viðhaldsþjónustu fyrir eigendur allra heitra potta og sundlauga, gildir einu hvar pottarnir hafa verið keyptir. Viðgerðar- og viðhaldsvinnu sinna eingöngu fagmenn en hjá fyrirtækinu starfa pípulagningameistari og rafeindavirki.

Laugin sinnir víðtækri þjónustu fyrir einka- og almenningssundlaugar með hreinsiefni, dælur, sandsíur, varahluti og fleira, jafnframt því að sinna breytingum og viðhaldsvinnu fyrir sundlaugar.

Laugin býður upp á gott úrval fylgi- og varahluta í flestar gerðir potta, meðal fylgihluta má nefna: Tröppur, lokalyftur, síur, hitamæla, háfa, klórskammtara, fljótandi glasabakka og ýmislegt fleira. Og meðal varahluta eru t.d. dælur, hitaelement, barkar, nuddstútar, kúlulokar og margt fleira.

Úrvalið er mikið og fróðlegt að skoða það í vefversluninni á laugin.is eða í versluninni sjálfri að Smiðjuvegi 4. En hér er vert að nefna annars vegar hina rómuðu heitu potta Caldera Spas frá Bandaríkjunum. Þetta er eitt þekktasta merkið í bransanum og hafa pottarnir verið fáanlegir á íslandi í hátt í 15 ár, en þeir voru áður seldir í Byko. Caldera Spa-pottarnir eru mjög hátt metnir í erlendum fagritum.

Laugin býður upp á mikið úrval hreinsiefna en þar ber helst að nefna Aqua Finesse Hot Tub, umhverfisvæna hreinsiefnið frá Special Water Europe. Vinsældir Aqua Finesse stafa af því hversu árangursríkt og einfalt það er í notkun. Góð umhirða og viðhald eru mjög mikilvægir þættir fyrir góða endingu heitra potta. Ef þú hefur verið að eignast heitan pott eða ert ekki alveg klár á hvernig best er að sinna umhirðu, þá er hægt að kíkja við í Lauginni eða bara hringja og fá ráðgjöf.

Laugin rekur öfluga vefverslun á vefsvæðinu laugin.is sem kemur sér vel fyrir þá sem búa á landsbyggðinni og geta keypt sér á netinu heita potta, rekstrarvörur og varahluti á hagstæðu verði, og ef þeir eru á ferðinni í Kópavogi er um að gera að kíkja við og versla og fá góð ráð í kaupbæti. Flestir viðskiptavinir fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu koma hins vegar í verslunina og gera sín innkaup þar og fá í leiðinni góða, faglega ráðgjöf.

Meðal umboða: Caldera Spas, Fantasy Spas, Aqua Finesse, Bayrol, Pleatco, Waterway, ACC, Procopi, Poolmaster, o.fl.

Laugin er sem fyrr segir til húsa að Smiðjuvegi 4 og er opið virka daga frá kl. 9 til 17.30.

EM SENDIR:

Persónulega og hjálpsama sendibílaþjónustan

EM Sendir er lítil sendibílaþjónusta sem sérhæfir sig í að veita fjölbreytta og persónulega þjónustu bæði einstaklingum og litlum fyrirtækjum. EM Sendir reynist mörgum ómetanleg hjálparhella, vinnur verk sem aðrir taka ekki að sér og kemur oft til bjargar við aðstæður þegar fólk veit hreinlega ekki hvert á að snúa sér, til dæmis varðandi úrgang og sorp sem ekki er veitt móttaka á hefðbundnum endurvinnslustöðvum, og við margvíslegar aðrar aðstæður.

EM Sendir er í eigu þeirra Einars Margeirs Kristinssonar og tengdaföður hans, Hafþórs Harðarsonar, en þeir hafa yfir að ráða tveimur meðalstórum sendibílum. Bílarnir henta í minni búslóðarflutninga hjá pörum eða einstaklingum en auk þess veita þeir félagar alls konar þjónustu, aka með sorp, skutlast með vörur fyrir fyrirtæki og sinna jafnvel tiltekt, til dæmis í bílskúrum og ruslageymslum.

„Varðandi búslóðaflutninga þá hentar okkar þjónusta best til dæmis stúdentum, þeim sem eru að flytja að heiman frá sér í fyrsta skipti og jafnvel þeim sem eru að flytja á síðasta heimilið sitt, þ.e. dvalarheimili," segir Einar.

Mikil þörf fyrir svona þjónustu

„Fólk er oft hissa á hvað við veitum mikla þjónustu. Þegar allt er á hvolfi í bílskúrnum þínum getum við komið, farið með ruslið og gengið frá því. Það sama gildir um ruslið í garðinum og svo framvegis. Oft erum við ruslakarlar fyrir það sem hin almenna sorphirða tekur ekki. Við erum oft fengnir í alls konar sérkennileg verkefni sem fólk situr uppi með. Gott dæmi er iðnaðarrusl sem verður eftir þegar fólk hefur farið í gegnum breytingar á húsnæði og það veit ekkert hvar það getur losað sig við slíkan úrgang. Stundum eru þetta stórir steypuklumpar sem vega hundruð kílóa. Þá mætir maður bara með mannskap og burðarbönd og leysir málið."

Viðskiptavinahópur EM Sendis er mjög fjölbreyttur og ljóst er að mikil þörf er fyrir þessa þjónustu: „Þetta er bara öll flóran en fyrst og fremst er venjulegt fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda, persónulegri þjónustu varðandi verkefni sem það getur ekki leyst sjálft. Fólk sem á bara fjölskyldubíl eða jafnvel engan bíl, þarf að taka til í geymslunni sinni og hefur oft engin tök á að losa sig við ruslið. Þarna komum við inn og leysum vandann. Eða þegar eldra fólk klippir tréð í garðinum sínum. Hver á að fara með greinarnar á Sorpu ef þetta er ekki tekið? Það hentar ekki öllum að setja þetta í skottið á bílnum sínum."

Þjónusta við veitingahús

Eins og áður kom fram vinnur EM Sendir töluvert fyrir fyrirtæki, sérstaklega við smærri vörusendingar á morgnana fyrir til dæmis heildsölur. En þeir félagar vinna einnig fyrir veitingastaði: „Ég hef bakgrunn úr hótel- og veitingarekstri og sú reynsla meðal annars gerir okkur kleift að þjónusta veitingastaði. Við losum þessa aðila við ruslið sem þeir hafa ekki hugmynd um hvert á að fara með. Eða ef afgangsolían er ekki hirt reglulega af efnamóttökunni þá vitum við hvert á að fara með hana. Það sama gildir um endurvinnslugler og ýmsar aðrar ruslaferðir þar sem sorphirðan tekur af einhverjum ástæðum ekki við, en við vitum hvert á að fara með þetta efni. Við vitum líka hvort það kostar að farga hlutum og hvað það kostar."

Þess má geta að þeir Einar og Hafþór aka líka fyrir Nýju Sendibílastöðina og þess vegna eru bílar þeirra merktir henni. Nýja Sendibílastöðin virkar eins og bílaleigustöðin fyrir utan að bílstjórarnir eiga hlut í henni.

Þeir sem vilja nýta sér þjónustu EM Sendis eða fá frekari upplýsingar geta sent skilaboð inni á Facebook-síðunni www.facebook.com/EMSendir/ en einnig má hringja í síma 696-0420 eða 896-6283.

Dæmi um úrgang sem EM Sendir losar viðskiptavini sína við

Brandenburg | sía
39.900 KR.
ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND
ENGIN BINDING
STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is
Reebok
FITNESS

Steinunn barðist í Írak:

„Ekki sama manneskjan eftir að ég kom heim“

■ Systir barnastjörnu og fréttamanns ■ Slasaðist í sprengjuárás ■ Nauðgað af bílstjóra ■ Ræktar íslenska hesta í San Diego

Næsti kafli hefst

HJÁ OKKUR

hafðu samband

GIMLI

FASTEIGNASALA

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík
s. 570 4800 / gimli@gimli.is

Steinunn Sædal er ein af þeim fáu Íslendingum sem þekkja hernað af eigin raun en hún barðist með landgöngudeild Bandaríkjahers í stríðinu í Írak sem braust út árið 2003. Steinunn var þá einstæð móðir og fór samtals tvo túra í þennan mikla hildarleik. Í seinni ferðinni lenti hún í sprengjuárás og er enn að kljást við meiðslin sem hún hlaut, líkamleg og andleg. Kristinn ræddi við Steinunni sem nú ræktar íslenska hesta í San Diego.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

„Það er eins og maður búi í helvíti hérna núna,“ segir Steinunn. Miklir skógareldar geisa nú í Kaliforníu, þeir sjöundu mestu í sögu fylkisins. Þúsundir bygginga hafa brunnið til kaldra kola og að minnsta kosti sex manns hafa látist. Meira en þrjú þúsund slökkviliðsmenn eru að störfum en sviptivindar og bratt landslagið gera störf þeirra erfið.

„Hestarnir mínir eru reyndar úr hættu eins og er því að eldarnir eru að berast nær Los Angeles-svæðinu. Ég er í San Diego sem er sunnar.“

Eldarnir hafa ekkert ógnað heimili þínu?

„Nei, nei, en mér er sama um heimilið. Ég er bara að hugsa um dýrin og börnin,“ segir hún. Steinunn er einstæð móðir með tvær dætur á unglingsaldri, einstaklega glaðvær manneskja og hlý en augljóslega hörð í horn að taka og mikill töffari. Hún hefur gengið í gegnum miklar raunir en það er ekki að sjá á fasi hennar.

Handboltinn og fræg systir

Steinunn er fædd árið 1974 og alin upp í Keflavík og á Kjóastöðum í Bláskógabyggð. Foreldrar hennar eru Ríkey Ingimundardóttir listakona og Kjartan Sigtryggsson, sem starfaði sem lögreglumaður og öryggismálastjóri hjá lögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Steinunn segist hafa verið mikill prakkari sem krakki og alltaf að gera eitthvað af sér en hún var samt ekki vandræðaunglingur, reykti hvorki né drakk.

Kjartan var öflugur knattspyrnumaður og spilaði bæði með Keflavík og íslenska landsliðinu. Íþrótta-

Hún er örugglega ekki lengur á lífi, greyið.

áhuginn smitaðist í Steinunni og átti hún sjálf góðan feril í handknattleik.

„Þú veist hvernig þetta er heima. Maður kemur ekkert heim fyrr en um miðnætti eftir að hafa verið í öllum íþróttum sem maður gat verið í. Ég æfði handbolta og keppti fyrir Fram og hjá atvinnumannaliði í Svíþjóð. Eftir atvinnumennskuna flutti ég til Þýskalands og þjálfaði hesta. Síðan kom ég aftur heim til Íslands og hélt áfram í handboltanum."

Steinunn á tvo bræður og er annar þeirra Kjartan Atli Kjartansson, íþróttafréttamaður og fyrrverandi körfuboltastjarna. Hún á einnig tvær systur, sú eldri er söngkonan og barnastjarnan Ruth Reginalds sem sló í gegn árið 1975.

Fékkst þú mikla athygli út á systur þína og hafðir þú áhuga á að feta sömu slóð?

„Ég hafði engan áhuga á því. Ég átti einhvern tímann að vera í bakröddum hjá henni en það var hætt við það. Maður verður að geta sungið til að vera í þessum bransa," segir Steinunn og skellir upp úr.

Í herinn vegna veðmáls

Eftir að Steinunn flutti heim frá Þýskalandi fékk hún vinnu á Keflavíkurflugvelli og þar kynntist hún bandarískum hermanni að nafni Alan Truesdale. Hann var liðþjálfi í landgöngudeildinni og innan skamms settu þau upp hringana og eignuðust dóttur. Árið 1996 fluttu þau saman til Kaliforníu þar sem hún býr enn en þau Alan skildu eftir tíu ára sambúð.

Eins og gefur að skilja var Steinunn mikil kraftakona og setti stefnuna á að verða lögregluþjónn. En sá draumur var úti þegar hún komst að því að einungis bandarískir ríkisborgarar geta starfað sem lögregluþjónar. Þrátt fyrir að hafa búið í meira en tvo áratugi í Kaliforníu er hún ekki enn orðin ríkisborgari því að hún neitar að gefa eftir íslenska ríkisborgararéttinn. En þegar einar dyr lokast þá opnast gjarnan aðrar. Árið 2001 gekk hún í landgöngudeild bandaríska hersins.

Hvernig stóð á því að þú skráðir þig í herinn?

„Það var út af veðmáli," segir Steinunn og flissar. „Yfirmaður minn á stað sem ég var að vinna á hafði verið í sjóhernum og hann sagði að ég gæti aldrei orðið landgönguliði. Það væri allt of erfitt að komast í gegnum grunnþjálfunina. Ég tók hann á orðinu og spurði hvort hann vildi veðja. Tveimur vikum síðar var ég komin í búðirnar í Parris Island í Suður-Karólínu."

Var þetta ekki svolítið stórt skref að taka?

„Ég vann fimmtíu dollara," segir hún og hlær. „Mamma var ofboðslega stolt af mér og ég held pabbi líka en hann er ekki mikið fyrir að sýna tilfinningar. Ég talaði ekkert mjög mikið við fjölskyldu mína á þessum tíma. Í þjálfunarbúðunum máttum við ekki hringja í neinn. Ég þurfti reyndar að fá sérstakt leyfi til að ganga í landgönguliðið því að ég var orðin 27 ára gömul, flestir fara þarna inn mjög ungir, jafnvel 17 ára. En mér var tekið mjög vel og var eins og mamma allra unglinganna þarna."

Steinunn segir að landgönguliðarnir séu mun nánari hópur en í flestum öðrum deildum hersins eins og landher, sjóher og flugher. Þjálfunin sé líka mjög erfið, sérstaklega fyrir konur og aðeins nýlega var byrjað að leyfa konum að vera í fremstu víglínu deildarinnar.

„Þegar ég var lítil stúlka dreymdi mig oft að ég væri hermaður. Síðan vaknaði ég og áttaði mig á að þetta voru bara draumar og af því að ég bjó á Íslandi var þetta svo fjarlægur veruleiki. En þetta var ein besta ákvörðun sem ég hef tekið. Landgönguliðarnir eru fjölskylda. Við erum öll bræður og systur. Ef einhver þarf á hjálp að halda þá hrúgast allir að til að aðstoða. Semper Fi."

Vildi ekki í stríð

Um það leyti sem Steinunn var að hefja sinn feril í hernum rann upp 11. september 2001, hinn örlagaríki dagur þegar farþegaþotum var flogið inn í Tvíburaturnana í New York. Hún og félagar hennar voru að læra að keyra hertrukka þegar sjónvarpi var skyndilega rúllað inn og kennari þeirra sagði að verið væri að ráðast á Bandaríkin.

„Ég hélt að þetta væri plat. Að þetta væri hluti af æfingunni því að í búðunum brjóta þjálfararnir okkur niður andlega og byggja svo aftur upp. En síðan var ljóst að þetta var að gerast í alvörunni. Hann reyndi að hughreysta okkur en ég var alveg að skíta í buxurnar af hræðslu við að fara í stríð. Ég skráði mig ekki í herinn til þess að berjast í stríði heldur til að sjá fyrir dóttur minni. Þegar seinni flugvélin lenti á byggingunni varð allt svart og hvítt og ég hugsaði bara: Ó sjitt."

Varstu hrædd við að fara í bardaga?

„Ó já. Ég vissi ekkert hvort ég myndi sjá barnið mitt aftur. Aftur á móti var ég búin að vera svo lengi frá fjölskyldunni heima á Íslandi að ég hugsaði voða lítið um hana."

Steinunn tók hins vegar ekki þátt í innrásinni í Afganistan sem hófst í kjölfarið á árásinni á Tvíburaturnana. Hún ferðaðist um heiminn og var á herstöðvum á Filippseyjum, Japan, Dúbaí og víðar.

Árið 2003 lýsti George W. Bush forseti því yfir að Bandaríkin og bandalag viljugra þjóða myndu ráðast inn í Írak og steypa einræðisherranum Saddam Hussein af stóli. Það ár fór Steinunn í fyrri túr sinn þangað og kynntist bardögum á eigin skinni. Hún var þá í deild sem heitir EOD, sem fer fyrst inn og sér um að taka í sundur allar sprengjur sem finnast. Í deildinni voru um 400 karlmenn en aðeins tvær konur.

„Þetta var erfitt því flugvélarnar okkar og annar búnaður var alltaf að bila. Við þurftum að tjasla þessu öllu saman með alls konar leiðum, notuðum límband og hvað sem við fundum. Birgðavélarnar voru risastórar, með skriðdrekum, trukkum, Hummer-jeppum og öðrum mjög þungum tækjum. Ég bað til guðs að við myndum komast á leiðarenda."

Steinunn segir að það hafi gengið mjög fljótt og vel að steypa stjórnarher Saddams Hussein. Bandaríkjaher sé það vel æfður og með svo mikið af öflugum vopnum að ómögulegt hafi verið að stöðva hann. En í kjölfarið fylgdu bardagar við skæruliða sem drógust mjög á langinn. Steinunn keyrði þá sjúkrabíl í svokallaðri læknahersveit.

„Bíllinn hét Christine, eins og bíllinn úr sögu Stephens King sem drap alla," segir Steinunn kímin.

Helstu verkefnin voru að koma hermönnum til aðstoðar og í læknishendur. Einnig vann sveitin fyrir heimamenn eins og hægt var. Á þessum tíma sá hún alls kyns hrylling.

„Það var mjög sorglegt að fara inn á spítalana þarna því skæruliðarnir notuðu börn til að finna jarðsprengjur. Þarna voru mörg börn sem höfðu misst útlimi. Ég man sérstaklega eftir einni ungri stúlku sem við hefðum getað bjargað ef við hefðum mátt flytja hana til Bandaríkjanna. Við gátum ekkert gert fyrir hana þarna því við vorum ekki með öll tól eða lyf. En landsstjórnin í Írak gaf ekki leyfi og hún er örugglega ekki lengur á lífi greyið," segir Steinunn og í fyrsta skiptið í samtalinu breytist tónninn í rödd hennar. Það tekur augljóslega á að rifja upp slíka reynslu.

Höfuð skilið eftir á disk

Steinunn fór heim til Bandaríkjanna og átti yngri dóttur sína, Dalíu, og til að aðstoða hana flutti Ríkey, móðir hennar, til Bandaríkjanna. Hún seldi allt heima á Íslandi og sá um börnin þegar Steinunn flaug út í sinn seinni túr til Írak en þá var hún í þungaflutningasveit og starfaði við að sækja bíla og aðra hluti sem höfðu verið sprengdir.

Misstir þú vini þarna úti?

„Já, mjög marga."

En skaust þú einhvern?

„Ég held að ég hafi ekki hitt einn né neinn og reglurnar voru mjög strangar um hverju við máttum skjóta að. Skæruliðarnir skutu hins vegar á alla sem þeir vildu," segir hún sposk. „En mig langaði heldur ekki til þess að drepa neinn. Ef ég hefði þurft þess þá hefði ég gert það."

Steinunn kynntist mörgum heimamönnum sem hún segir hafa verið mjög gefandi og minnist hún sérstaklega fornleifafræðings sem sýndi henni rústirnar af hinni fornu borg Babýlon. Hún sá líka ólýsanlegan hrylling koma fyrir fólk.

„Við þekktum einn sextán ára strák sem hét Muhammed. Faðir hans var að vinna á flugvellinum og skæruliðarnir náðu honum fyrir utan einn daginn. Þeir tóku af honum hausinn, plokkuðu augun út, skáru tunguna af, settu á disk og skildu eftir fyrir utan völlinn. Þetta var gert til að hræða heimamenn og fæla þá frá því að vinna með okkur."

Slasaðist illa í sprengjuárás

Í einni aðgerð árið 2004 var Steinunn farþegi í trukk sem varð fyrir sprengjuárás. Allt í einu kom byssukúla frá leyniskyttu fljúgandi milli hennar og annars hermanns og skömmu síðar varð sprenging í trukknum. Bíllinn var með stórt hlass og var tíu eða fimmtán tonna þungur en sprengjubyssan sem notuð var er yfirleitt notuð til að granda skriðdrekum.

„Þetta var allt öðruvísi en það sem við erum vön að sjá í bíómyndunum. Það kom hvítt ljós og svo var eins og það liði heil sekúnda þangað til sprengingin sjálf varð. Það hægðist á tímanum. Þegar sprengingin kom loks þá urðum við öll heyrnarlaus á stundinni, eins og það væru flautur í eyrunum á okkur. Trukkurinn lyftist, flaug marga metra og fór allur í skrall. Ég sá allt í einu framljósin lýsa beint á okkur og húddið var farið af bílnum. Síðan varð allt alelda og ég hélt að við værum dauðans matur. En við náðum að komast út úr bílnum og ætluðum að hlaupa í burtu. Þá var hrópað til okkar og við vöruð við jarðsprengjusvæðinu sem var beint fyrir framan fæturna á okkur." ▶

Hjá Parka færðu hágæða SCHMIDT innréttingar, sérsniðnar að þínum óskum og þörfum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki INTERIORS

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

Steinunn með purpurahjartað

Steinunn særðist alvarlega í árásinni. Hún skaddaðist á mjóhrygg og við hálsinn og missti heyrn í öðru eyra. Um tíma gat hún ekki gengið og þurfti að fara í aðgerðir. En alvarlegustu afleiðingarnar voru mikill heilaskaði og áfallastreituröskun sem hrjá hana enn mjög í dag. Þrátt fyrir þetta fór hún ekki strax heim frá Írak.

„Þegar ég lenti í árásinni gaf herinn mér möguleika á að fara strax heim. Ég gat ekki gengið í nokkra daga eftir þetta. Hins vegar ákvað ég að vera lengur af því að krakkarnir sem voru úti með mér voru þarna í sínum fyrsta túr en ég hafði reynsluna. Ég vildi ekki yfirgefa þau."

Steinunn hefur fengið margar orður fyrir störf sín í bandaríska hernum en eftir sprengjuárásina fékk hún hið þekkta purpurahjarta, sem er veitt þeim hermönnum sem særast á vígvellinum.

> Þegar ég var lítil stúlka dreymdi mig oft að ég væri hermaður.

Nauðgað af bílstjóra

Næstu tíu ár voru Steinunni ákaflega erfið, og þá er mjög vægt til orða tekið, og andlegu eftirköstin mikil. Vegna heilaskaðans missti hún mikið af skammtímaminninu. Hún gleymir andlitum og á erfitt með að vita hvern hún þekkir og hvern ekki. En eldri minningar, lagatextar og fleira í þeim dúr hafa haldið sér.

Vegna áfallastreituröskunarinnar, sem er mjög algeng hjá fyrrverandi hermönnum, hrjá minningar úr hildarleiknum í Írak hana. Alls 38 sinnum hefur hún fengið raflostmeðferð til að reyna að þurrka þessar minningar út en það er alltaf eitthvað annað sem fer í staðinn.

Annar vágestur, þunglyndi, fór einnig að leggjast á hana með miklum þunga. Hún segir:

„Mér leið mjög illa í um tíu ár á eftir að ég kom heim og ég var ekki sama manneskjan. Mamma var hjá mér og hjálpaði mér með stelpurnar og ég reyndi að sinna þeim eins og ég gat. Ég lokaði mig oft af inni í herbergi, vildi ekki vera innan um fólk og gat ekki sofið. Síðan snerist það við og ég fór að fara óhóflega mikið út á lífið og drakk allt of mikið. Ég vissi eiginlega ekkert hvernig ég ætti að haga mér. Ég var á alls nítján mismunandi lyfjum og var alveg týnd andlega."

Það er ekki auðvelt að rifja þennan tíma upp en Steinunn er róleg og einlæg í svörum sínum.

Varstu með sjálfsvígshugsanir?

„Já, tvisvar sinnum var ég á mjög vondum stað og systir mín á Íslandi lét senda mig á geðdeild til aðhlynningar."

Það voru hins vegar ekki aðeins eftirköst sprengingarinnar og minningarnar frá Írak sem sóttu á Steinunni því á þessum tíma, þegar hún var á hvað viðkvæmasta staðnum, var henni nauðgað af óþekktum manni. Hún segir:

„Það var áður en ég fór í seinna skiptið inn á geðdeild. Ég ætlaði að taka Uber-bíl en sá sem sat undir stýri var ekki með leyfi frá fyrirtækinu. Hann réðst á mig, nauðgaði mér, reyndi svo að drepa mig og henti mér út úr bílnum."

Hvernig komstu í gegnum þetta allt saman?

„Það sem kom mér í gegnum þetta voru dætur mínar og hestarnir. Svo á ég yndislega vinkonu sem heitir Jenny sem hefur hjálpað mér mjög mikið. Hérna úti eru líka Íslendingar sem ég er í miklum samskiptum við og hafa reynst mér vel. Í dag þarf ég ekki að taka nein lyf lengur."

Hrifin af Trump

Steinunn hefur séð marga hermenn koma heim með áfallstreituröskun. Hún segir að lengi hafi illa verið haldið utan um þennan hóp af stjórnvöldum en það sé að breytast til betri vegar. Helsta ástæðan fyrir því er tilkoma Donalds Trump í forsetastólinn og er hún dyggur stuðningsmaður hans.

Af hverju ertu svona hrifin af Trump?

„Af því að hann er nógu klikkaður til þess að hræða þessa rugludalla sem stjórna í einræðisríkjum. Íslendingar skilja þetta ekki, Ísland er herlaust land sem aldrei er ráðist á."

Er mikill stuðningur við hann þarna á svæðinu í kringum þig?

„Já og nei," segir Steinunn og hlær. „Allir vinir mínir hér styðja Trump nema Ruth, systir mín, og íslensk vinkona sem heitir Solla. En þær hafa ekki farið í stríð. Að hafa forseta sem er sterkur leiðtogi og tekur slaginn fyrir bæði lögregluna og herinn er ákaflega mikilvægt."

Steinunn hitnar öll þegar forveri hans Obama berst í tal.

„Obama var aldrei tilbúinn til að taka upp hanskann fyrir lögregluna, sérstaklega þegar uppþot urðu. Hann var algjör aumingi og lét Bandaríkin líta út fyrir að vera veikari en þau eru. Í hans tíð snerist allt um málefni svartra og það spruttu upp kynþáttafordómar vegna þess. Í dag eru allir sem styðja Trump brennimerktir sem rasistar."

Langar aftur til Íslands

Þrátt fyrir miklar sveiflur í lífi Steinunnar hefur eitt aldrei horfið, en það er ástin á hestum og sérstaklega íslenskum hestum. Eins og áður var sagt ræktar hún og temur hesta í nágrenni við San Diego.

„Það sem mig langar að gera fyrr en seinna er að flytja til Arizona-fylkis. Þar er staður upp í fjöllunum sem heitir Prescott, ofboðslega fallegur og með veðri allra árstíða. Mig langar til að vera þar með íslenska hesta og stofna góðgerðasamtök fyrir fyrrverandi hermenn með áfallastreituröskun og fjölskyldur þeirra. Mig langar til að hjálpa, því að þetta er svo erfiður sjúkdómur og hjalli að komast yfir. Það er sagt að á 21 sekúndu fresti svipti bandarískur hermaður sig lífi vegna hans. Maður upplifir sínar verstu stundir aftur og aftur og aftur. Það hefur hjálpað mér mikið að vera úti með hestunum og mig langar til að gera eitthvað gott fyrir aðra í sömu stöðu."

Eru Bandaríkjamenn hrifnir af íslenska hestinum?

„Þeir elska íslensku hestana. Þeir eru svo sterkir, flottir, dyggir og með þessa einstöku gangtegund, töltið. Þú gætir selt truntu hérna úti fyrir morðfé. En margir eru að temja íslenska hesta á rangan hátt hérna."

Núna er Steinunn með stóðhest sem heitir Víkingur og hryssu sem heitir Fjóla og hyggst hún rækta undan þeim. Síðan er hún með arabískan blending sem heitir Lúsífer. Dýraástin er þó ekki bundin við hesta eingöngu því auk þess á hún þrjá hunda, Skessu, Pjöllu og Clumsy sem einnig hafa hjálpað henni að komast út úr sínum vandræðum. Hún kallar þá meðferðarhundana sína. Við þetta dýrasafn bætist páfagaukurinn Benji sem kann að tala.

Stefnir þú á að flytja einhvern tímann aftur heim til Íslands?

„Mig langar mikið til að koma aftur heim en ég gæti aldrei búið of langt frá dætrum mínum. Við erum að safna fé til að koma í heimsókn og hitta alla fjölskylduna. Ég hef ekki komið til Íslands síðan árið 2000 og það er fjöldinn allur af frændum og frænkum sem ég hef aldrei séð. Ég bið svo innilega að heilsa öllum sem ég þekki heima og ég elska ykkur öll." ■

RAKANG THAI OPNAÐ Í ÁRBÆNUM

Taílenskur matur eins og hann gerist bestur

Rakang Thai hefur lengi verið þekktur sem einn besti taílenski veitingastaður landsins en staðurinn var um árabil rekinn á Lynghálsi. Fyrir nokkrum vikum flutti Rakang Thai hins vegar um set og var opnaður að Hraunbæ 102a, við hliðina á Blásteini.

Óhætt er að segja að Árbæingar hafi tekið Rakang Thai opnum örmum og röðin liggur inn á staðinn bæði í hádeginu og á kvöldin.

„Árbæingar eru himinlifandi og fjölmenna hingað. En eldri kúnnarnir okkar frá Lynghálsi koma líka hingað niður í Árbæinn að fá sér í svanginn. Auk þess hafa fyrirtækin sem við þjónustum haldið áfram í viðskiptum en við bæði sendum mat á vinnustaði og tökum á móti starfsmannahópum hér," segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, rekstrarstjóri Rakang Thai.

Áhersla er lögð á ferskt hráefni og eldun á staðnum. „Þetta er ekta taílenskur matur. Það eru bara Taílendingar í eldhúsinu, hráefnið er ferskt og hér er eldað ört. Það er eldað fyrir hádegisblaðborðið seint um morgun og fyrir kvöldverðarhlaðborðið er eldað síðdegis," segir Guðmundur en Rakang Thai er þekktur fyrir ríkuleg hádegisverðar- og kvöldverðarhlaðborð sem eru í gangi á virkum dögum. Hádegisverðarblaðborðið kostar aðeins 2.000 kr. og er opið frá 11 til 14. Kvöldverðarhlaðborðið kostar 2.800 kr. og er opið frá 17 til 21. Staðurinn er opinn virka daga frá 11 til 21 og um helgar frá 17 til 21.

Sú sem öllu stýrir í eldhúsinu er hún Siri sem er rómuð fyrir frábæra eldamennsku. Meðal annars segja margir að Pad Thai-rétturinn á Rankang Thai sé sá besti á landinu. Við undirbúning þessarar greinar fengum við, skrifari og ljósmyndari, að bragða á þeim rétti og er hann einstaklega ljúffengur. Einnig fengum við okkur Massaman-rétt sem var óviðjafnanlegur.

Þess má til gamans geta að laugardaginn 11. ágúst, kl. 11, verður sérstök athöfn á Rakang Thai sem verður öllum opin. Þá koma búddamunkar og blessa veitingastaðinn. Þetta verður hátíðleg og einstök stund – öðruvísi upplifun.

Nánari upplýsingar um Rakang Thai er að finna á vefsíðunni rakang.is

Tímavélin



Einvaldur.
Hitler er eini einvaldur veraldarinnar. Allir hinir eru kvæntir!

Gamla auglýsingin
Vísir 11. janúar 1936

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

14. maí 1948

DAGURINN SEM GJÖRBREYTTI MIÐAUSTURLÖNDUM

Stríðin sem fylgdu í kjölfarið

Klukkan 16 þann 14. maí 1948 tók David Ben-Gurion, forseti þjóðráðs gyðinga í Palestínu, til máls í litlu listasafni við Rothschild Boulevard í Tel Aviv. Hann las upp yfirlýsingu um stofnun og sjálfstæði Ísraelsríkis. Það tók hann 20 mínútur að lesa yfirlýsinguna en 200 manns voru viðstaddir en auk þess var henni útvarpað á nýrri útvarpsstöð „Voice of Israel“ sem sendi út frá Tel Aviv. Um klukkan 16.30 sagði hann: „Ísraelsríki hefur verið stofnað. Fundi er slitið.“ Í dagbók sína skrifaði hann að hann hefði fengið fyrirboða.

Með yfirlýsingunni rættust tæplega 2.000 ára gamlir draumar gyðinga um að þeir gætu dag einn snúið aftur til landsins sem Rómverjar ráku þá frá. Helför nasista gegn gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni varð til að styrkja gyðinga í þessum fyrirætlunum sínum. Degi eftir yfirlýsingu Ben-Gurion drógu Bretar sig frá Palestínu en þeir höfðu farið með yfirráð yfir landsvæðinu síðan í fyrri heimsstyrjöldinni. Arabaríkin brugðust ókvæða við stofnun Ísraelsríkis og og sýrlenskar, egypskar, jórdanskar og írakskar hersveitir réðust á hið nýstofnaða ríki og hófst þá stríð Araba og Ísraela. Arabarnir voru staðráðnir í að gera út af við landnám og byggðir gyðinga í Palestínu. Sameinuðu þjóðirnar reyndu að miðla málum en án árangurs. Þrátt fyrir að vera með miklu minna herlið náðu Ísraelsmenn að hrinda árásinni og tryggja stofnun ríkis gyðinga. Arabaríkin neyddust til að semja um vopnahlé við Ísrael 1949. Ísraelski herinn var vel búinn vopnum sem höfðu komið frá Tékkóslóvakíu og Frakklandi og átti það auðvitað sinn þátt í að hann gat tekist á við herlið Arabaríkjanna. Á hebresku er þetta stríð nefnt Sjálfstæðisstríðið en á arabísku er það nefnt Hörmungarnar.

Samkvæmt bresku Balfour-yfirlýsingunni frá 1917 þá átti að stofna þjóðríki gyðinga í Palestínu en um leið átti að vernda „almenn og trúarleg“ réttindi þeirra sem ekki voru gyðingar í Palestínu. Bretum tókst ekki að koma á sáttum á milli hinna ólíku hópa í landinu áður en þeir yfirgáfu það.

Aðeins 11 mínútum eftir að stofnun Ísraelsríkis var lýst yfir lýsti Truman, forseti Bandaríkjanna, því yfir að Bandaríkin viðurkenndu tilvist Ísraels og voru Bandaríkin fyrsta ríki heims til að viðurkenna stofnun ríkisins.

Stríðið á Sínai 1956

Gyðingar streymdu í þúsundatali til Ísraels í kjölfar stofnunar ríkisins en þrátt fyrir mikla fólksfjölgun stóð ríkið frammi fyrir utanaðkomandi ógnum. Árið 1956 ákváðu Ísraelsmenn að ráðast á palestínska skæruliða sem stunduðu skæruhernað frá Egyptalandi og reyna að aflétta hafnbanni Egypta á hafnarborgina Eilat. Leynilegur samningur var gerður við Frakka og Breta sem hugðust ráðast inn í Egyptaland til að ná stjórn á Súesskurðinum. Ísraelsher átti að ráðast inn í Sínaieyðimörkina og í kjölfarið ætluðu Frakkar og Bretar að ráðast inn í Egyptaland undir því yfirskyni að þeir væru að taka sér stöðu á milli Ísraels og Egyptalands. Innrás Ísraelshers gekk vel en Frakkar og Bretar neyddust til að draga sig til baka vegna þrýstings frá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum. Í kjölfarið urðu Ísraelsmenn að draga sig til baka. En stríðið sýndi umheiminum hversu öflugur ísraelski herinn var og að Ísrael væri reiðubúið til að ráðast á önnur ríki að fyrra bragði til að verjast.

Sex daga stríðið 1967

Eftir átökin á Sínai var ísraelski herinn markvisst byggður upp og efldur. Þegar Nasser Egyptalandsforseti bað Sameinuðu þjóðirnar um að kalla eftirlitssveitir sínar frá Sínai og sendi egypskar hersveitir þangað, setti hafnbann á Eilat á nýjan leik og hvatti Arabaríkin til aðgerða gegn Ísrael töldu Ísraelsmenn það jafngilda stríðsyfirlýsingu. Þeir gerðu harðar loftárásir á Egyptaland og Sýrland í júní og réðust síðan á Jórdaníu. Stríðinu lauk á aðeins sex dögum þar sem Ísraelsher var miklu öflugri en herir hinna ríkjanna þriggja. Að stríðinu loknu hafði Ísraelsher náð Sínai á sitt vald auk Gasa, Vesturbakkans, Gólanhæða og Jerúsalem. Hafði landsvæði Ísraels þá tvöfaldast. En þetta leiddi ekki til lausnar á deilum Ísraels við nágrannaríkin og Palestínumenn. Í ályktun öryggisráðs SÞ númer 242 er hvatt til brottfarar Ísraelsmanna frá „svæðum sem voru hernumin í nýlegum átökum“ og til þess að öll ríki á svæðinu „lifi í friði innan öruggra og viðurkenndra landamæra“. Ísraelsmenn höfnuðu því að láta öll hernumdu svæðin af hendi og innlimuðu Austur-Jerúsalem og settu upp herstjórnir á herteknu svæðunum. Ísraelsmenn sögðust mundu skila skila Gasa, Vesturbakkanum, Gólanhæðum og Sínai ef Arabaríkin viðurkenndu tilverurétt Ísraels og ábyrgðust að ekki yrði ráðist á Ísrael í framtíðinni. Leiðtogar Arabaríkjanna, sérðir eftir ósigrana fyrir Ísrael, hittust í ágúst til að ræða framtíð Miðausturlanda. Þeir samþykktu að fallast ekki á frið við Ísrael, að semja ekki við Ísrael, að viðurkenna ekki tilverurétt Ísraels og gerðu áætlun um að verja réttindi Palestínuaraba á herteknu svæðunum ötullega.

Friðarsamkomulag við Egypta

Síðar klufu Egyptar sig út úr þessu samkomulagi og sömdu um frið við Ísrael en fyrst kom til átaka á milli ríkjanna í október 1973. Egyptar gerðu þá óvænta árás yfir Súesskurðinn á Yom Kippur, á heilagasta degi gyðinga, en ísraelski herinn var þá með óvenjulega lítinn viðbúnað og var komið illilega á óvart. Egyptar náðu að komast yfir skurðinn en lutu í lægra haldi þegar Ísraelsmenn komust vestur yfir skurðinn. Þá samþykktu Egyptar vopnahlé. Á meðan réðust Ísraelsmenn á Sýrlendinga í Gólanhæðum en Sýrlendingar höfðu náð þeim aftur á sitt vald. Sýrlenski herinn var hrakinn á flótta og sókn Ísraelshers lauk ekki fyrr en hann átti skammt eftir til Damaskus.

Eftir þetta var friðarhugur í Egyptum og Ísraelsmönnum og dramatísk heimsókn Anwar Sadat, forseta Egyptalands, til Jerúsalem 1977 opnaði fyrir friðarsamning á milli ríkjanna. Eftir friðarviðræður milli Sadat og Menachem Begin, forsætisráðherra Ísraels, samdist að lokum um frið 1978 og friðarsáttmáli var gerður 1979. Ísraelsmenn féllust á að skila Sínai aftur til Egyptalands og Egyptaland féllst á að viðurkenna Ísraelsríki. Samband ríkjanna hefur ekki alltaf verið dans á rósum eftir þetta en friðarsamningurinn hefur haldið fram að þessu en hann breytti ekki miklu fyrir Palestínumenn og hefur staða þeirra farið versnandi undanfarna áratugi og hið flókna ástand í Ísrael og nærliggjandi landsvæðum hefur ekki orðið einfaldara með tímanum eða þjáningar fólks minni. ■

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu Pikk-UPP

**Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.
Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð,
husa um umhverfið og henda rusli.
Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu
og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka,
þó það sé ekki okkar rusl.**

Hvað er Pikk-UPP?

- Það að vera **Pikk-UPP** snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- **Pikka-Upp** rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- Eða af því að þú ákveður að fara út og **Pikka-UPP** rusl.

Betri umgengni byrjar hjá þér!

NA NORÐURÁL · HB GRANDI · SORPA ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM · ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ · DRAUPNIR LÖGMANNSÞJÓNUSTA · HAFNARFJÖRÐUR

LANDSÞEKKTUR FRÉTTAMAÐUR MYRTI KONU Á MIKLUBRAUT

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Árið 1976 vakti mikinn óhug á Íslandi en þá voru óvenju mörg morð framin hér á landi, fjögur talsins, og auk þess var Guðmundar og Geirfinnsmálið í miklum algleymingi. Eitt þessara morða vakti sérstaka athygli því þolandinn var kona á sextugsaldri og gerandinn landskunnur fréttamaður sem flutt hafði fréttir í dagblöðum, sjónvarpi og útvarpi aðeins skömmu fyrr. Ástæðan virtist einnig lítilfjörleg og handahófskennd því konan hafði komið að manninum þegar hann var að stela frímerkjasafni og fleiri smálegum hlutum.

Leitað að öxi

Um fjögur síðdegis, fimmtudaginn 26. ágúst árið 1976, fór Lovísa Kristjánsdóttir, 57 ára, að Miklubraut 26. Mæðgur sem þar bjuggu voru á ferðalagi í Lundúnum og Lovísa hafði lofað að vökva blómin fyrir þær á meðan. Þegar hún skilaði sér ekki heim um kvöldið fór eiginmann hennar að lengja eftir henni og fór svo að hann hafði samband við Lögregluna í Reykjavík um tíu leytið. Lögreglumenn fóru að Miklubraut og fundu Lovísu þar liggjandi látna og illa til reika fyrir neðan hringstiga sem lá niður í kjallara.

Lovísa var alblóðug og lá blóðrefill inn í kjallarann þar sem eldhús íbúðarinnar var. Lögreglumenn sáu strax að hér var ekki um slys að ræða heldur hafði henni verið veittir áverkar á höfði með verkfæri. Til að byrja með var ekki vitað hvers kyns vopn hafði verið notað, öxi eða einhvers konar höggvopn.

Nágrannar urðu ekki varir við neitt og fæstir heima þennan dag. Ekkert benti til þess að brotist hafði verið inn í húsið en þrennar útidyr voru á húsinu. Rannsóknarlögreglan var kvödd á staðinn og mikil leit hafin að öxi í nærliggjandi görðum og öskutunnum og á Miklatúni.

Játaði fyrir þýskum lögreglumanni

Rannsóknin var umfangsmikil og var leitað til Karls Schutz og vesturþýsku rannsóknarlögreglumannanna sem voru hér á landi í tengslum við Guðmundar og Geirfinnsmálið. Nokkrir einstaklingar voru kallaðir til yfirheyrslu vegna málsins en sleppt aftur. Föstudaginn 27. ágúst kom maður til lögreglunnar og játaði verknaðinn en þegar hann var yfirheyrður stóðst ekkert af því sem hann sagði, enda var hann mjög ölvaður, og var honum sleppt.

Degi seinna var maður handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald eftir ábendingar frá fólki sem hafði tekið eftir grunsamlegu atferli hans. Hann sagðist ekki hafa komið nálægt húsinu þetta kvöld en gat ekki gefið greinargóðar skýringar á ferðum sínum þennan dag. Maðurinn hét Ásgeir

Lovísa Kristjánsdóttir

BÓKHALD

- Bókhald
- Afstemmingar
- Ársreikningar
- Launavinnsla
- Árshlutauppgjör
- Virðisaukaskattsskil

ÞARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSÞJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Rallmeistarinn Ómar Ragnarsson

Ómar Ragnarsson er einn frægasti og dáðasti fjölmiðlamaður Íslands, þekktur fyrir sína léttu lund og ást á náttúru landsins. Hann hefur einnig skemmt bæði öldnum og ungum í gegnum tíðina og sent frá sér plötur. Færri muna eftir því að Ómar var einn besti rallmaður landsins um árabil.

Á árunum 1975 til 1985 keppti hann í ralli með bróður sínum Jóni (í Bílahöllinni) og unnu þeir alls átján titla, þar af fjóra Íslandsmeistaratitla.

Árið 1981 héldu þeir bræður út til Svíþjóðar og urðu fyrstir Íslendinga til að keppa í ralli á erlendri grund.

Eftir þessi tíu ár hætti Ómar en Jón hélt þá áfram í tuttugu ár til viðbótar með sonum sínum, Rúnari og Baldri. ■


Ásgeir Ingólfsson

Ingólfsson, 42 ára þekktur fjölmiðlamaður, og miðvikudaginn 1. september játaði hann loks að hafa orðið Lovísu að bana.

Ásgeir var blaðamaður og þýðandi sem starfaði hjá Vísi og Morgunblaðinu árin 1960 til 1967. Eftir það varð hann frægur sem fréttamaður og þulur hjá Ríkissjónvarpinu á fyrstu árum þess. Þar starfaði hann til 1971 og svo hjá Ríkisútvarpinu til 1975, árinu áður en hann framdi ódæðið á Miklubraut.

Ásgeir óskaði þess að fá að tala einslega við Karl Schutz og í kjölfarið á því samtali fór hann fyrir sakadómara og gaf skýrslu um þennan örlagaríka dag. Þá fór hann með rannsóknarlögreglumönnum á öskuhaugana og sýndi þeim staðinn þar sem hann hafði losað sig við vopnið, kúbein en ekki öxi. Lýsing á morðinu, aðdraganda þess og eftirmálar voru kunngerðir fjölmiðlum á blaðamannafundi Schutz og íslenskra rannsóknarlögreglumanna.

Bað hana að segja ekki frá

Ástæða þess að engar hurðir eða gluggar voru brotnir var að hann átti lykil að íbúðinni og þekkti þar til. Rúmu hálfu ári áður hafði hann látið smíða lykil að íbúðinni og vissi að þar inni var verðmætt frímerkjasafn sem hann hugðist stela. Það frímerkjasafn átti fyrrverandi húsbóndi heimilisins.

Um hálf ellefu leytið um morguninn fór hann inn í íbúðina og fann þar hluta safnsins. En hann var lengi í íbúðinni og tók marga aðra muni, svo sem skartgripi. Ásgeir var með bláa íþróttatösku meðferðis en í henni voru ýmis verkfæri úr bílnum hans. Hann var staddur á efri hæð hússins þegar hann heyrði að einhver var að koma inn. Reyndist það vera Lovísa sem hann þekkti ekki og kynnti hann sig því fyrir henni. Henni var ljóst að Ásgeir var þar í leyfisleysi og hann áttaði sig á að hún vissi það. Því bað hann hana að segja ekki frá ef hann lofaði að skila öllum munum og hafa sig á brott.

Að sögn Ásgeirs hugsaði Lovísa sig um stund en hafnaði loks beiðni hans þrátt fyrir að hann hafi beðið alls þrisvar sinnum. Þá ætlaði hún að halda á brott úr íbúðinni og segja frá en Ásgeir var í mjög örvingluðu ástandi og greip til þess ráðs að ná í lítið kúbein úr töskunni sinni.

Þegar hún beygði sig niður til að fara í skóna sína sló Ásgeir hana nokkrum sinnum í hnakkann. Hún hné ekki niður þá heldur gekk inn í stofuna og út að hringstiga sem lá niður í kjallarann. Þar féll hún niður og fylgdi hann á eftir með kúbeinið og sló hana nokkrum sinnum til viðbótar í höfuðið.

Eftir þetta skolaði hann kúbeinið í eldhúsvaskinum og dvaldi nokkra stund í íbúðinni til að hugsa næstu skref. Þá setti hann töskuna og kúbeinið í poka og ók með hann út á öskuhauga. Einnig fór hann í efnalaug með jakkann sinn til að hreinsa blóðið en frímerkin og annað þýfi úr íbúðinni hafði hann á brott með sér.

Sneri lífinu við og fékk uppreista æru

Þann 4. mars árið 1977 var Ásgeir dæmdur í Sakadómi Reykjavíkur til sextán ára fangelsisvistar fyrir morðið á Lovísu Kristjánsdóttur. Í þeirri uppkvaðningu var hann einnig dæmdur fyrir þjófnað í íbúðinni og þjófnað á þremur peningakössum í vélsmiðjunni Héðni rúmu hálfu ári áður. Árið 1979 var hann dæmdur í Hæstarétti en fimm árum síðar var hann kominn á reynslulausn eftir afplánun á Litla-Hrauni.

Ásgeir sneri lífi sínu við, sneri sér aftur að þýðingum og starfaði hjá Íslenska útvarpsfélaginu og Stöð 2 frá árinu 1987 til dauðadags árið 2001. Eftir hann liggja tugir þýddra bóka og eigin bók um laxveiði í Elliðaánum. Síðastliðið haust kom fram að Ásgeir fékk uppreist æru árið 1996. ■

Hálfíslenskur strokuhermaður óttaðist Víetnam

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Reglulega kemur upp strok úr íslenskum fangelsum og spinnast þá oft miklar hasarfréttir í kringum það. Árið 1966 kom hins vegar upp strokumál hjá varnarliðinu þegar hermaður mætti ekki á stöðina í Keflavík á tilsettum tíma.

Leitað á skemmtistöðum og heimilum skyldmenna

Í júlí árið 1966 var rúmlega tvítugur landgönguliði, Michael Burt að nafni, handtekinn í Vestmannaeyjum að beiðni bandaríska varnarliðsins. Hann var sendur með flugvél til Reykjavíkur þar sem tveir bandarískir herlögreglumenn og einn íslenskur lögreglumaður biðu hans. En þegar hann steig út úr vélinni komst hann undan og náðu þeir ekki að handsama hann. En þeir vissu heldur ekki hvernig Burt leit út.

Burt hafði fengið leyfi til að heimsækja íslenska móður sína, Margréti Jónsdóttur í Vestmannaeyjum, en skilaði sér hins vegar ekki aftur. Þess vegna bað yfirstjórn flotans um að hann yrði handtekinn og færður aftur á stöðina.

Um kvöldið var leitinni að Burt haldið áfram og sent eftir öðrum hermanni sem þekkti hann. Fór sá maður um alla borgina í fylgd með íslenskum lögreglumönnum að leita en sú leit bar engan árangur. Þá voru tveir hergæslumenn sendir á skemmtistaði borgarinnar og heimili skyldfólks hans.

Óttaðist Víetnam

Burt sagðist ekki hafa þolað agann í hernum, sérstaklega í æfingabúðum í Bandaríkjunum. Þar hafi einn piltur reynt að svipta sig lífi. En eftir strokið bjóst hann við að fá sex mánaða fangelsisdóm og verða síðan „settur fyrir byssukjaftana í Víetnam.“ Talaði hann um að reyna að komast á erlent skip til að flýja land.

Í tæpan mánuð spurðist ekkert til hermannsins en um miðjan ágúst hringdi hann í móður sína. Þá var hann staddur í Sandgerði og starfaði sem háseti. Þau hittust í Innri-Njarðvík, ræddu málin og ákvað Burt að gefa sig fram á Keflavíkurvelli.

Þar var Burt hnepptur í varðhald og var honum í flýti flogið til Philadelphiu-borgar í Pennsylvaníufylki þar sem hans beið herréttur og fangelsisdómur. Móðir hans náði að tala stuttlega við hann í flugvélinni áður en tekið var á loft. Árangurslaust reyndi hún að fá utanríkisráðherra og forseta Íslands til að þrýsta á að hann myndi afplána refsingu sína hér á Íslandi. ■

Menntskælingar sviknir um Boy George

Árið 1998 voru íslenskir menntaskólanemar snupraðir um að sjá poppgoðið Boy George sem átti að skemmta á balli en greitt hafði verið fyrir komu hans.

Það var fimmtudaginn 19. nóvember árið 1998 sem breski popparinn Boy George átti að skemmta nemendum Menntaskólans við Sund á balli á Hótel Íslandi. Stjarna hans skein hvað skærast á níunda áratugnum þegar hann söng lög á borð við Karma Chameleon og Do You Really Want to Hurt Me með hljómsveit sinni The Culture Club. En á þessum tíma var hann orðinn sólólistamaður og hafði getið sér frægðar sem plötusnúður.

500 þúsund krónur

Það var umboðsmaðurinn Guðmundur Ingi Þórhallsson, nú formaður Afstöðu, sem ætlaði að flytja inn plötusnúðinn en hann hafði reynslu af slíku. Hann fór hins vegar í erindisleysu út á flugvöll. Í samtali við Morgunblaðið sagði hann:

„Við fórum út á flugvöll að sækja Boy George ásamt sérstökum öryggisvörðum fyrir hann en þá hafði

hann ekki komið með vélinni. Við eigum eftir að kanna hvað fór úrskeiðis. Við fluttum inn 14 manna hóp í október og munum flytja inn fleiri plötusnúða fyrir áramót og það hefur aldrei neitt brugðið út af fyrr en núna.“

Samkvæmt heimildum DV var kostnaðurinn við komu Boy George um 500 þúsund krónur. Í samtali við DV sagði Guðmundur:

„Það var búið að borga þá upphæð sem kostaði að fá hann hingað en síðan gerðist ekkert.“

Funi Sigurðsson, formaður nemendaráðs MS, sagðist svekktur og ósáttur við fréttirnar en jafnframt að nemendurnir tækju þessu ekki of illa. Ákveðið var að fá aðra tónlistarmenn til að skemmta á Hótel Íslandi og fullt var út úr dyrum. ■

Verslunarm

Þekktir einstaklingar rifja upp eftirminnilegustu verslunarmannahelgina

Stærsta helgi sumarsins blasir nú við og eru möguleikarnir jafnmargir og útihátíðirnar eru fjölbreyttar. Um verslunarmannahelgina er sjaldan upplagt að gera ekki neitt, hvort sem þá sé um að ræða með vinafólki eða fjölskyldufólkinu. Hér tökum við saman heildarmynd af ýmsum skemmtunum yfir helgina miklu og fáum nokkrar frásagnir þekktra einstaklinga af því hvaða minning frá fyrstu helgi ágústmánaðar hefur staðið upp úr, hvar og hvenær.

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Mýrarboltinn
Hvar: Bolungarvík
Mýrarboltinn á Bolungarvík var fyrst haldinn árið 2004 og hefur verið árlegur viðburður þar í bæ síðastliðin ár. Á laugardagskvöldið er árlegur dansleikur í félagsheimilinu í Trékyllisvík sem Leifur heppni og björgunarsveitin Strandasól halda. Líkt og fyrri ár leika Blek og byttur fyrir dansi, en árvissir dansleikir sveitarinnar í Trékyllisvík eru rómaðir af fagurkerum í dansleikjafræðum.

Sæludagar KFUK og KFUM
Hvar: Vatnaskógur
Skógarmenn KFUM ásamt KFUM og KFUK á Íslandi standa fyrir þessari vímulausu fjölskylduhátíð. Ár hvert er dagskrá hátíðarinnar í anda sumarbúðastarfs félaganna og höfðar til flestra aldurshópa.

Auður Jónsdóttir (Húnaver 1990):

„Þegar ég var sautján ára fékk ég að fara með Röggu Gísla í Húnaver sem barnapía Bryndísar dóttur hennar. Ragga var að fara að troða upp með Stuðmönnum og fyllti gamlan amerískan kagga af hárkollum og búningum. Svo var lagt í hann! Sólin skein og spenningurinn í hámarkinu. En þegar við vorum að renna niður brekkuna fyrir ofan hátíðina sagði Ragga sinni rámu ómótstæðilegu röddu: Ímyndaðu þér ef það myndi allt í einu birtast risastór rass, setjast hér ofan í dalinn og fylla út í allt! Síðan hef ég alltaf séð rassinn fyrir mér á þessari leið. En þegar við komum í Húnaver var barnapían fljót að finna vini sína og detta í það – en nokkuð betur búin en þeir með baksviðspassa sem Ragga hafði reddað. Svo baksviðs gat barnapían gengið í fríar veigar og verið dónaleg við sér eldra fólk. Það litla sem ég man úr móðu þessa kvöld var þegar ég hafði klöngrast inn á svið hjá Stuðmönnum í miðri sveiflu og stóð þar fyrir aftan hljómsveitina og baðaði mig í dýrðarljómanum, æpandi skaranum og flóðlýstu sviðinu. Þetta er það næsta sem ég hef komist því að upplifa alsælu frægðarinnar. En hvað varð um Bryndísi litlu í öllu þessu man ég ekki alveg jafn glöggt. Sennilega hefur einhver fullorðinn tekið málin í sínar hendur fyrst barnapían var svona sólgin í áfengi og frægð.“

Norðanpaunk
Hvar: Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu
Hátíðin Norðanpaunk er haldin í fimmta sinn þetta árið og koma þar ýmsar hljómsveitir saman til að spila frumsamið efni af öllum gerðum. Sumar sveitanna spila synthapopp meðan aðrar leika svartmálm en pönkið má alltaf finna í anarkískum áherslum í skipulagi.

Innipúkinn
Hvar: Miðbær Reykjavíkur
Aðaltónleikadagskráin fer að sjálfsögðu fram innandyra, að þessu sinni í Kvosinni á tónleikastöðunum Húrra og Gauknum. Þar verður boðið verður upp á fjölbreytta tónleikadagskrá föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld.

Elliði Vignisson (Þjóðhátíð í Eyjum 1998):

„Þegar maður hefur nýtt veslunarmannahelgina í 40 til 50 skipti í að vera á Þjóðhátíð þá er dáldið erfitt að velja þá eftirminnilegustu. Sennilega er þjóðhátíðin 1998 ein sú eftriminnilegri en það er fyrsta hátíðin eftir að ég varð faðir. Ég var einhvern veginn undir það búinn að þá myndi djammið minnka en það sem gerðist var að hátíðin var bara helmingi skemmtilegri þegar maður fór að njóta einnig barna- og fjölskyldustemmingar í gegnum barnið. Djammið minnkaði ekkert, hitt bættist bara við.“

annahelgin

Minningar og fastar hefðir

Síldarævintýri á Siglufirði
Hvar: Siglufjörður
Hátíðin er fyrir löngu búin að festa sig í sessi sem stórkostleg fjölskylduhátíð þar sem jafnt ungir sem aldnir og allir þar á milli skemmta sér og öðrum í frábæru umhverfi. Meðal þess sem Siglufjörður býður upp á eru frábærar gönguleiðir, stuttar og langar, t.d. Hvanneyrarskál, Skógræktin, Hólsdalur, Siglunes, Héðinsfjörður o.fl. Góður 9 holu golfvöllur er einnig á svæðinu ásamt sundlaug og líkamsræktarstöð að ógleymdu einu stórfenglegasta safni Evrópu, Síldarminjasafninu.

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Ólafsvaka 1993):

„Ég hef aldrei verið mikill verslunarmannahelgarmaður, of mikil eftirvænting um að nú verði allt frábært. Ég tók út mínar útihátíðir fyrir tvítugt, enda var miklu skemmtilegra að vera í bænum. Bestu helgarnar hafa verið í Þjórsárdal, þegar við höfum verið þar mörg. Eftirminnilegasta verslunarmannahelgin var þó líklega sú sem í raun stóð í eina og hálfa viku. Við fórum félagarnir á Ólafsvöku í Færeyjum, vorum þar í viku með tilheyrandi skemmtun. Keyrðum svo frá Seyðisfirði til Siglufjarðar, flugum í bæinn, fórum í Þjórsárdal í eina nótt og svo á Eldborg. Mikil ferðalög, mikil gleði, en ótrúlega gaman því félagsskapurinn var góður.“

Íslensku sumarleikarnir
Hvar: Akureyri
Undanfari sumarleikanna er fjölskylduhátíðin Ein með öllu en helsta breytingin á hátíðinni er sú að aukin áhersla hefur verið lögð á viðburði tengda hreyfingu. Margt annað er í boði fyrir alla aldurshópa. Þar má nefna íþróttaviðburði, tívolí, hoppukastala og að sjálfsögðu tónleika. Ein með öllu fyrir norðan er ávísun á góðar stundir.

Íris Björk Tanya Jónsdóttir (Atlavík 1985/6):



„Eftirminnilegasta útihátíðin mín er sú eina sem ég hef farið á hingað til en það var á síðustu öld. Mig langar að segja 1985 en það gæti verið að það hafi verið 1986 en því miður eða sem betur fer voru engir farsímar né samfélagsmiðlar til þá og því ekki bunki af myndum til að staðfesta ártalið eða uppljóstra momentum sem maður vildi kannski ekki sjá í dag, ég mun kannski bölva samfélagsmiðlum í ellinni en það er hvort eð svo óralangt í það. Mamma og pabbi gáfu mér leyfi til þess að fara með ábyrgri eldri systur minni á þessa útihátíð sem haldin var í Atlavík. Þarna voru Stuðmenn aðalhljómsveitin sem steig á svið þessa helgi en mér þótti mjög spennandi að fá að vera svona ung úti alla nóttina og horfa á goðið mitt hana Röggu Gísla. Á þessum árum var allt svo miklu einfaldara og hættuminna en í dag. Jú, jú, það var mikið djamm og fólk að drekka áfengi en það var enginn með læti og ég varð aldrei hrædd. Held mig við þessa fullkomnu minningu sem ég á með systur minni og vinum þar sem dansað var varlega inn í nóttina og er ekki á leið á útihátíð þetta árið allavega.“

Neistaflug
Hvar: Neskaupstaður
Fjölskylduhátíðin Neistaflug hefur verið haldin árlega síðan 1993 í Neskaupstað. Það er tónlistarklúbburinn Brjánn sem sér um herlegheitin ár hvert og fylgir sífellt þökkuð dagskrá ár hvert sem ætti ekki að svíkja neinn sem sækir hátíðina.

Unglingalandsmót UMFÍ
Hvar: Þorlákshöfn
Unglingalandsmót UMFÍ hafa verið haldin frá árinu 1992 og var hið fyrsta haldið á Dalvík. Mótin hafa vaxið ár hvert en þétt dagskrá er alla mótsdagana og skemmtun á kvöldin þar sem aragrúi af þekktu tónlistarfólki kemur fram. Boðið er upp á 22 keppnisgreinar fyrir 11–18 ára börn og ungmenni og er ekki skilyrði að vera í ungmenna- eða íþróttafélagi.

Þjóðhátíð í Eyjum
Hvar: Herjólfsdalur í Heimaey
Vinsælasta útihátíð helgarinnar enda eina hátíðin sem hefur þann sið að á hverju ári er samið sérstakt þemalag í tilefni hennar. Fastir liðir eins og brenna á Fjósakletti, flugeldasýning og brekkusöngur eru alltaf áreiðanlegir og er stemning bæði heimafólks og utanaðkomandi í mikilli sérstöðu.



Atli Steinn Guðmundsson (Þjóðhátíð í Eyjum 1993):

„Það er töluverð áskorun að velja eftirminnilegustu verslunarmannahelgina en eftir mikil heilabrot vel ég Þjóðhátíð í Eyjum 1993, hvort tveggja af því að það var fyrsta þjóðhátíðin mín og af því að nú eru 25 ár síðan. Þetta var mikið ævintýri, við vinirnir sigldum með gamla Herjólfi og það sem stendur upp úr er gestrisni Eyjamanna, ég hef varla heimsótt dásamlegra fólk en á þeim sex þjóðhátíðum sem ég sótti á öldinni sem leið og nota tækifærið hér og þakka Eyjamönnum af heilum hug fyrir kjötsúpu, reyktan lunda og frábærar móttökur. Á Þjóðhátíð 1993 var Todmobile aðalnúmerið og gekk sveitin þess fullkomlega dulin að hún fóstraði borgarfulltrúa komandi aldar undir belti sér. Þjóðhátíðargestir nutu sólar alla hátíðina fyrir utan dynjandi haglél og hellidembu í um hálftíma á laugardeginum. Ógleymanleg skemmtun.“

Nett fjölnotatæki
MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar
• Lyftigeta: 2.500
• Lyftihæð: 5.900 mm
• Fjórhjóladrifinn
• Fjórhjólastýrður
• 75 hestöfl, Kubota
• Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON
Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is

Helgarkrossgátan



										pirraðir	svarf
								nam			
								hrjá			
								kropp			
								röð			peningar
								tré / ílát			
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	sæmdin	deig	þegar	Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	hanka	lygn / vindinn				
þýtt								7		■	
eyðir					kviðurinn / 2000						
röð				áverki / til				knappa	1	kraftaverk	4
tvíhljóði			ráp / ferskur			6					
4 eins					álpast / týna				■	9	fjarg-viðrast
hringsólar						núa					
■		aðförin		brella / hærra		3	■		eftir / 2 eins		
nibba			munni / ýtti			marr	eina til / hagnað				
■	↳									fiskiskip	
þraut	8				2 eins / arfberi			slæmar	2 eins		
■	skrapaði / aumt								einnig		storm
vana				boka / pen			blossa / reið				
aulinn						mallið / fugl					
■	5	mjög	spendýr		óvissu / líffæri				keyrið		stel
hljómföll							sansar / forað				
■	skvapið / eldsneyti							kvað		2 eins	2
skvaldur				fuglinn							
dag-draumana						kjarr					

1	2	3	4	5	6	7	8	9

Sudoku

Auðveld

1	2		3		7		5	
8		4		2		1		
	7	3	4				9	
		9		4			1	
7						9		3
3	6		2	7		8		
	1	2						
	5	8	9		4	2		
			1			5	8	4

Erfið

							3	5
		5			9	8	4	
6		7						
	5		3		7		2	
	8		4			5		
	7	8	9	4	3	6		
				2			8	
	1	4	5	6				

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið
krossgata@dv.is

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Þórunn Erla Sighvats
Dalsflöt 9
300 Akranes

Lausnarorðið var **GARNAGAUL**

Þórunn hlýtur að launum bókina Það sem að baki býr



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins eru bókin Ráðuneyti æðstu hamingju

Ráðuneyti æðstu hamingju Höfundur: Arundhati Roy

Ráðuneyti æðstu hamingju er margbrotin, ágeng, gáskafull og átakanleg saga frá Indlandi, eftir Arundhati Roy, höfund verðlauna- og metsölubókarinnar Guð hins smáa.

Frásögnin spannar mörg ár og söguþráðurinn vindur sig frá öngstrætum Gömlu-Delhi og breiðstrætum nýrra borgarhverfa til fjallanna og dalanna í Kasmír, þar sem stríð er friður og friður stríð. Sagt er frá fólki á jaðri samfélagsins og fólki í felum, hundeltu fólki og útskúfuðu – þetta er í senn óður til lífsins, brothætt ástarsaga og mergjaður reiðilestur.

Allt getur gerst – og gerist. Fólk skiptir um kyn og ham, það hverfur og birtist, það deyr og lifir samt. Ráðuneyti æðstu hamingju er óviðjafnanleg skáldsaga þar sem mannlífið sjálft er undir smásjá; skuggahliðar þess, hverfulleiki og ærandi fegurð.
Árni Óskarsson þýddi.

BARKING HEADS
MEOWING HEADS
DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín
Dýrabær • Smáralind • Kringlan • Krossmói Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is
Nú einnig á Akranesi

SAKAMÁL

7 ára drengur, Yaseen Ege, lést af áverkum sem móðir hans, Sara Ege, veitti honum um langt skeið. Ástæða misþyrminganna var sú að Söru fannst sonur sinn ekki kunna Kóraninn sem skyldi. „Ef hann las ekki Kóraninn almennilega varð ég mjög reið – þá barði ég hann," sagði hún við yfirheyrslur. Við refsingarnar notaði Sara meðal annars hamar. Sara fékk lífstíðardóm 7. janúar 2013.

SAMSTILLTAR SY

Papin-systurnar voru hlédrægar og samrýmdar

Dag einn brast eitthvað hjá þ

Systur tvær, Christine, fædd 1905, og Lea, fædd 1911, Papin slitu barnsskónum í þorpum skammt frá frönsku borginni Le Mans. Af bernsku þeirra segir fátt, en þær áttu eldri systur, Emiliu, sem gerðist nunna og kemur ekki frekar við sögu hér. Christine og Lea dvöldu þónokkuð innan veggja hinna ýmsu stofnana því skilnaður foreldra þeirra hafði lagst á sál þeirra. Þegar þær voru orðnar stálpaðar sáu þær sér farborða sem þjónustustúlkur á hinum ýmsu heimilum í Le Mans. Reyndu þær eftir bestu getu að fá vist þannig að þær gætu verið saman.

Hæglátar og iðnar

Víkur nú sögunni til ársins 1926. Þá unnu systurnar hjá René nokkrum Lancelin, lögmanni í Le Mans sem sestur var í helgan stein. Bjuggu systurnar á heimili lögmannsins og eiginkonu hans. Einnig var þar til heimilis uppkomin dóttir þeirra hjóna, Genevieve.

Var eftir því tekið hve systurnar voru hæglátar og iðnar. Þær héldu sig mest út af fyrir sig og var engu líkara en þær hugsuðu mest um hvor aðra.

Í kímonóum Systurnar fóru úr blóðugum fatnaði eftir morðin og íklæddust kímonóum.

Árangurslaus bið

Árin liðu og lífið gekk sinn vanagang á heimili Lancelin-fjölskyldunnar. Þann 2. febrúar, 1933, dró þó til tíðinda. René Lancelin beið þá um kvöldið eftir eiginkonu sinni og dóttur, heima hjá mági sínum sem hafði boðið þeim til kvöldverðar.

Leið og beið en ekkert bólaði á mæðgunum. Áhyggjufullur fór René heim til að athuga hverju sætti. Dyrnar voru læstar innan frá og René gat ekki með nokkru móti komist inn, hann sá þó bjarmann frá kertaloga berast út um glugg-

Í varðhaldi Christine og Léa voru skildar að eftir handtökuna og olli það þeim verulegu hugarangri.

ann á vistarverum systranna á háaloftinu.

Blóðugur vettvangur

René sá þann eina kost í stöðunni að leita aðstoðar lögreglunnar og klifraði einn lögregluþjónn yfir vegginn að húsabaki og þaðan inn í húsið. Þar mætti honum ófögur sjón; mæðgurnar lágu á gólfinu og var vart hægt að bera kennsl á þær, svo illa farin voru andlit þeirra. Annað auga Genevieve verið stungið út og lá á gólfinu skammt frá líkinu. Bæði augu frúar Lancelin höfðu verið stungin út, þau fundust innvafin í klút sem hafði verið bundinn um háls hennar. Neglur höfðu verið rifnar af með rótum og gólfteppið var gegnsósa af blóði.

Klæddar í kímonóa

Lögregluþjónar fikruðu sig með varúð upp á efri hæðir hússins. Uppi á hálofti fundu þeir systurnar þar sem þær sátu, íklæddar kímonóum, á öðru rúminu og héldu hvor utan um aðra. Þær játuðu undanbragðalaust að hafa banað mæðgunum og síðan arið úr blóði drifnum fötum sínum, klætt sig í kímonóa, og skolað morðvopnin; steikarhníf, hamar og tinkrús, sem ekki reyndist nothæf í kjölfarið.

Að sögn Christine mátti rekja atburðarásina til þess að vartappi hafði sprungið þegar hún var að strauja, og ekki í fyrsta sinn á skömmum tíma. Til orðaskipta kom á milli hennar og frúar Lancelin og lauk þeim á þennan blóðuga og banvæna veg.

Óbærilegur aðskilnaður

Nú, systurnar voru handteknar, skildar að og settar á bak við lás og slá. Að vera ekki í samvistum við hvor aðra lagðist illa í þær, einkum og sér í lagi Christine. Hún varð nánast frávita og svo fór að yfirvöld sáu aumur á henni og leyfðu henni að hitta Léu. Christine kastaði sér um háls systur sinnar og mátti, að sögn þeirra sem urðu vitni að því, leiða líkur að því að samband þeirra hefði verið af kynferðislegum toga. Um það verður ekki fullyrt eitt eða neitt hér.

Christine tekur æðiskast

Í júlí, 1933, tók Christine æðiskast

6 manns þurftu að gjalda fyrir brottrekstur Andrews Johns Engeldinger úr vinnu. Þegar Andrew John, sem hafði unnið hjá Accent Signage Systems í Minnesota, var sagt að hann yrði látinn fara sagði hann: „nú, jæja," dró Glock-skammbyssu úr pússi sínu og hóf skothríð. Hann skaut fimm manns til bana og einn lést af sárum sínum næsta dag. Sjálfur batt Andrew John enda í líf sitt í vöruskemmu fyrirtækisins sama dag.

YSTUR

beim með banvænum afleiðingum

Systurnar Christine og Léa vildu ekki vera aðskildar.

> **Christine hefði öskrað á hana „rífðu úr henni augun"**

og reyndi að stinga úr sér augun og var ekki annað að gera í stöðunni en að setja hana í spennitreyju. Í kjölfarið fullyrti hún að daginn örlagaríka í febrúar hefði hún fengið svipað kast og það hefði verið orsök óhæfuverkanna. Sagði hún að hún ein bæri ábyrgð á morðunum, Léa hefði hvergi komið nærri.

Christine talaði fyrir daufum eyrum enda talið að hún væri að reyna að bjarga systur sinni.

Síðar, þegar réttað var yfir systrunum, lagði kviðdómur ekki heldur trúnað á frásögn Christine.

Áhugi almennings

Málið vakti mikla athygli í Frakklandi á sínum tíma og var mikið rætt. Var það mat margra að morðin væru afleiðing þess hvernig verkafólk væri pískað áfram og bent var á að systurnar unnu 14 klukkustunda vinnudag og fengu aðeins hálfan frídag á viku.

Þegar réttarhöldin hófust, í september 1933, dreif að múg og margmenni fyrir framan dómhúsið í Le Mans. Svo mikill var atgangurinn að lið lögreglu þurfti til að hafa hemil á áhugasömum almenningi.

„Rífðu úr henni augun"

Við réttarhöldin sögðu systurnar að rifrildi hefði hafist milli Christine og frúar Lancelin. Léa hefði síðan blandað sér í málið og Christine hefði öskrað á hana „rífðu úr henni [frú Lancelin] augun".

Léa gerði sem systir hennar krafðist og síðan fékk heimasætan sömu útreið. Að því loknu hefði Christine farið inn í eldhús og sótt vopn til að gera út af við mæðgurnar. Flestum höggunum var beint að höfðum mæðgnanna og svo hart gengið fram að vart var nokkuð eftir sem kallast gat andlit.

Mismiklir vitsmunir

Læknar, sem báru vitni við réttarhöldin, töldu næsta víst að Christine, sem var í meðallagi vel gefin, hefði verið ráðandi í sambandi systranna og að persónuleiki Léu, sem ekki var eins vel gefin, hefði nánast runnið saman við persónuleika Christine.

Á það var bent að geðrænna kvilla hefði orðið vart í fjölskyldu þeirra og faðir þeirra hefði nauðgað elstu systurinni. Til að gera langa sögu stutta þá voru Christine og Léa á endanum sakfelldar og fékk Christine dauðadóm. Tekið var vægar á Léu sökum stöðu hennar gagnvart vitsmunalega sterkari systur og fékk Léa 10 ára dóm.

Geðveiki, þunglyndi, dauði

Dauðadómnum yfir Christine var síðar breytt í lífstíðardóm eins og gjarna tíðkaðist þegar konur áttu í hlut. Í fangelsinu sýndi hún merki um væga geðveiki auk þess sem augljóst var hve mikið hún saknaði systur sinnar. Hún lagðist í þunglyndi og átti það til að svelta sig. Að lokum var hún færð á geðsjúkrahús í Rennes þar sem hún veslaðist upp og andaðist að lokum 18. maí. 1937.

Léu var sleppt úr fangelsi eftir átta ára afplánun. Hún settist að í Nantes, bjó þar með móður sinni og fékk vinnu á hóteli undir uppdiktuðu nafni. Talið er að Léa hafi dáið árið 1982, en þeir eru þó til sem bera brigður á það. ■

„HVERNIG GAT HANN SVIKIÐ MIG SVONA?“

Elsku Ragga

Ég skrifa til þín því ég er alveg ráðalaus og veit ekki hvað ég á að gera næst. Maðurinn minn er nýbúinn að játa fyrir mér framhjáhald og mig hefði sko aldrei í lífinu grunað að hann væri manngerðin til að gera eitthvað álíka og hélt í alvöru að við hefðum það bara fínt í sambandinu. Við eigum tvö ung börn og höfum svo sem ekki stundað mikið kynlíf síðustu þrjú árin, en fyrir mér hefur að minnsta kosti verið mikil ást á milli okkar. Á heimilinu eru líka tvö eldri börn að hluta til. Fæðingarnar voru báðar erfiðar og ég kenni því dálítið um að hafa kannski ekki sama áhuga á kynlífi og áður. Hann hefur samt aldrei kvartað og bara stutt mig og elskað. Eða ég hélt það alla vega og hann segist elska mig en ég skil ekki hvernig hann gat þá gert mér þetta. Mér líður eins og hann hafi traðkað á mér og vanvirt mig. Samt elska ég hann, eða núna elska ég og hata hann á sama tíma, og get ekki hugsað mér að missa hann.

Hann lofar öllu fögru og við erum búin að gráta saman, ég er búin að öskra og spyrja endalausra spurninga um hvert einasta smáatriði varðandi framhjáhaldið. Ég held að hann sé búinn að segja mér allt en ímynda mér endalaust að það sé hellingur eftir. Hvert einasta smáatriði er eins og hnífur í hjartað.

Hann segist hafa sofið hjá tveimur konum áður en börnin fæddust, bæði skiptin drukkinn eftir djamm, og svo er hann búinn að eiga í sambandi við vinnufélaga, gifta konu, nánast síðan eldra barnið fæddist. Fyrst segist hann hafa leitað til hennar sem vinar og það á að hafa verið í gangi í meira en ár áður en þau sváfu fyrst saman. Hann er búinn að sverja að þau hafi í mesta lagi sofið saman 10 sinnum, sem mér finnst reyndar ekkert lítið, og að hann hafi bundið enda á sambandið hálfu ári áður en hann sagði mér allt. Þau vinna ekki saman lengur, sem betur fer, en ég þurfti að krefjast þess að hann eyddi henni á Facebook. Mig langar að fara heim til hennar og hella mér yfir hana, en ég treysti mér ekki til þess vegna þess að ég gæti hreinlega ráðist á hana. Ég er svo reið.

Núna er daglega lífið á heimilinu ömurlegt. Við reynum að halda hlutunum eðlilegum fyrir börnin og erum að komast í einhvers konar rútínu. Hann segist vilja vinna traustið mitt aftur en ég sé ekki hvernig það á að geta orðið. Hvernig gat hann svikið mig svona?

Elsku Ragga hvað á ég að gera næst? Á ég að biðja hann að flytja tímabundið út? Á ég að heimta öll lykilorðin hans á samfélagsmiðlum? Þurfum við að leita til ráðgjafa? Get ég verið með manni sem sveik mig svona? Er hægt að bjarga okkur?

Takk fyrirfram,
Ráðalaus kona

Kæra Ráðalaus

Takk kærlega fyrir að skrifa mér svona einlæglega og opna þig um málefni sem snertir ansi marga – líklega okkur öll. Það er greinilegt að sársauki þinn er mikill, reiðin líka og allar erfiðu tilfinningarnar sem þú nefnir. Ég held að viðbrögð þín séu afskaplega eðlileg og ég er algjörlega viss um að margir lesendur geta speglað sig í skrifum þínum. Svik eins og þessi eru svo óskaplega sársaukafull. Þú áttir ekki von á neinu og hélst að þú værir í öruggri höfn þar til annað kom í ljós.

Ég velti fyrir mér hverju játning mannsins þíns þjónaði. Fyrst hann elskar þig svona mikið, sambandið var búið og hann ákveðinn í að halda áfram að vera hluti af fjölskyldunni. Mig grunar að hann hafi verið að létta á samviskunni sinni – flytja sársaukann yfir á þig – og ég er alls ekki viss um að það sé alltaf besta hugmyndin. En játningin kom, líf ykkar fór á hvolf og úr því þarf að vinna.

Ég þekki afskaplega fáa sem hafa aldrei nokkurn tíma orðið fyrir áhrifum af framhjáhaldi, beint eða óbeint. Við tengjum framhjáhald við sársauka, svik, rifrildi, angist, lygar, missi, áföll, skömm, einangrun og vonbrigði. Við lærum í uppvextinum að framhjáhald sé eitt það versta sem hægt sé að gera maka sínum eða lenda í – samt halda sjúklega margir fram hjá. Hvað er það? Sumir vilja halda því fram að í framhjáhaldi felist tækifæri til betra sambands, nýs lífs og nándar.

Sambandsráðgjafinn Esther Perel hefur líkt þessu við að fá krabbamein og lifa það af. Enginn velur eða vill fá krabbamein, en sú erfiða reynsla getur gefið lífinu nýja dýpt. Prófaðu að gúgla Esther, hún hefur ýmislegt gagnlegt að segja, og einnig er óhætt að mæla með bókum hennar The state of affairs og Mating in captivity þar sem hún fjallar um ýmislegt sem tengist einkvæni, framhjáhaldi og hvers vegna svona óskaplega margir stunda athæfi sem veldur þetta miklum sársauka.

Mér finnst líklegt að maðurinn þinn sé að segja alveg satt þegar hann játar þér ást sína og kannski hefur ástin verið söm allan tímann. Framhjáhald hefur oft ekkert með ást á makanum að gera, heldur eitthvað allt annað. Kannski var sjálfsmyndin hans það veik að hann sótti í viðurkenningu frá fleirum – kannski var það spennan og feluleikurinn sem kitlaði – stundum var hann kannski bara graður.

Spurningum þínum í lok bréfsins get ég ekki svarað. Fyrir suma er aðskilnaður í einhvern tíma það hárrétta – fyrir aðra alls ekki. Sumir vilja endilega hafa aðgang að lykilorðum og leyfi til að skoða síma, tölvupóst og annað fyrirvaralaust og hvenær sem er – finnst það nauðsynlegt fyrir öryggi. Ég mundi hins vegar alltaf vilja ræða rétt makans til einkalífs. Kannski getið þið haldið áfram og notað reynsluna til að styrkja tengsl ykkar, endurnýja sambandið – því get ég þó alls ekki svarað en eflaust væri mjög gagnlegt fyrir ykkur að leita til ráðgjafa. Þriðji aðili sem getur greitt fyrir samtali ykkar, kannski dálítið eins og túlkur, gæti hjálpað mikið. Í það minnsta þurfið þið að gera ráð fyrir að talsverð vinna sé framundan. Hverju vinnan skilar er svo óvíst – en vonandi verður það annaðhvort fallegt og sterkt samband, eða þolanlegur skilnaður. ■

Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi.
raggaeiriks.com
raggaeiriks@gmail.com

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir í skammtímaleigu

Þrif ehf

Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

Helga Sóley gæti orðið of sein í sitt eigið brúðkaup

„ÉG HEF SMÁ ÁHYGGJUR, EN Á BRÚÐURIN HVORT EÐ ER EKKI ALLTAF AÐ LÁTA BÍÐA EFTIR SÉR?“

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is

Helga Sóley Hilmarsdóttir ætlar að hlaupa fyrir Krabbameinsfélag Íslands í Reykjavíkurmaraþoninu sem haldið verður þann 18. ágúst næstkomandi. En maraþonið verður ekki það eina sem Helga tekur sér fyrir hendur þann dag heldur er hún einnig að fara að gifta sig.

„Síðastliðin tvö ár hefur bróðir minn hlaupið tíu kílómetra og ég staðið á hliðarlínunni með vatnsbrúsa og fylgst með honum koma í mark. Eftir hlaupið í fyrra velti ég því fyrir mér hvað ég væri að gera á hliðarlínunni. Af hverju ég væri ekki að hlaupa sjálf og styðja gott málefni,“ segir Helga í viðtali við Bleikt.

Krabbamein snertir marga

Helga, sem er 28 ára lífsglöð, tveggja barna móðir, ákvað að hlaupa fyrir Krabbameinsfélag Íslands vegna þess að það snertir fjölskyldu hennar.

„Í lok síðasta árs lést móðurbróðir minn úr ólæknandi krabbameini og eftir að hafa horft upp á það hversu illa þessi sjúkdómur getur lagst á fólk ákvað ég að þetta væri málefni sem ég vildi leggja lið. Enda snertir þetta flesta og þekkja flestir til einstaklinga sem ýmist hafa tapað eða sigrað í baráttunni við krabbamein.“

Þegar Helga var búin að taka ákvörðun að taka þátt í maraþoninu í ár, áttaði hún sig á því að það væri haldið á sama degi og brúðkaupið yrði haldið.

„Við vorum tiltölulega nýbúin að ákveða dagsetningu fyrir brúðkaupið okkar og búin að bóka salinn þegar ég áttaði mig á því að hlaupið yrði sama dag. En ég ætlaði nú ekki að láta það stoppa mig.“

Verður kannski sein í eigið brúðkaup

Tíu kílómetra hlaupið hefst klukkan 9.35 og hefst brúðkaupsathöfn Helgu klukkan 13.30 og segist hún hafa örlitlar áhyggjur af því að verða sein í eigið brúðkaup.

„Jú, jú, ég hef smá áhyggjur en þetta reddast. Ég meina á brúðurin hvort sem er ekki alltaf að láta bíða eftir sér,“ segir Helga og hlær.

Helga er ekki vön því að hlaupa en hún hefur æft sig jafnt og þétt undanfarna mánuði fyrir stóra daginn. Vegna þess að Helga mun gifta sig stuttu eftir hlaupið tók hún þá ákvörðun að nái hún að safna markmiði sínu í söfnuninni muni hún hlaupa með brúðarslörið á sér.

„Markmiðið er 100.000 krónur og ef ég næ því þá hleyp ég með slörið! Mig langar bara að hvetja alla til að efla bæði líkama og sál með hreyfingu sem þessari og styðja um leið við góð málefni, já, eða heita á aðra hlaupara.“ ■



Banani greip epli

Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.

AVAXTA-BILLINN

Ávaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

„Lágmarkskrafan er í það minnsta eitt morð í hverjum þætti“

SKJÁRÝNIRINN

Þórarinn Þórarinsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, er mikill aðdáandi bæði sjónvarpsþátta og bíómynda, enda skrifar hann reglulega kvikmyndadóma. Hann er einn helsti Star Wars-aðdáandi landsins, en á sjónvarpsskjánum velur hann næstum án undantekninga breska sakamálaþætti.

Dauði línulegrar sjónvarpsdagskrár er stórkostlegt fagnaðarefni fyrir drykkfelldan blaðamann sem hefur tamið sér lífsstíl sem býður ekki upp á mikla áætlanagerð.

Netflix og álíka efnisveitur eru því mikill happafengur. Ekki síst vegna þess að eðlislæg óþolinmæði mín og áunninn athyglisbresturinn gera mér nánast ómögulegt að halda áhuganum á sjónvarpsþáttaröðum ef ég þarf að bíða viku á milli þátta.

Eina undantekningin eru þeir stórbrotnu glæpaþættir Law & Order: SVU sem ég mun aldrei telja eftir mér að bíða eftir. En nú eru elsku Mariska mín Hargitay og Ice-T í sumarfríi þannig að ég hef loksins tilfinningalegt svigrúm til þess að sinna öðrum þáttum.

Með örfáum undantekningum nenni ég ekki að horfa á neitt annað en sakamálaþætti og þá helst breska auðvitað. Lágmarkskrafan er í það minnsta eitt morð í hverjum þætti og því ofbeldisfyllri sem þættirnir eru þeim mun betra.

Er nýbúinn með Marcella 2 á Netflix. Framhald prýðilegrar seríu um þá eitursnjöllu en nett geðveiku löggukonu Marcellu. Ég á alltaf mjög auðvelt með að samsama mig með persónum sem glíma við geðræn vandamál og þetta er gott stöff en stendur fyrri seríunni talsvert að baki og þótt endirinn hafi verið galopinn vona ég eiginlega að þarna verði látið staðar numið.

Einhvern veginn hafði mér tekist að trassa að horfa á fjórðu seríu Peaky Blinders sem er með því allra besta sem hefur verið í boði á síðustu árum og afgreiddi málið í beit. Alveg magnað stöff löðrandi í töffaraskap, drama og ruddalegu ofbeldi.

Leikaraliðið í þessum þáttum er stórkostlegt með þann guðdómlega fagra Íra Cillian Murphy fremstan meðal jafningja í hlutverki leiðtoga glæpagengisins The Peaky Blinders. Maðurinn er svo svalur og þokkafullur að unun er á að horfa. Held ég hafi ekki séð jafn fallegan karlmann síðan Johnny Depp og Jude Law voru ungir og fagrir.

Honum hefur líka tekist að gera það sama fyrir Tom Shelby og James heitinn Gandolfini gerði fyrir Tony Soprano. Þessir menn bókstaflega renna saman við persónurnar í brjálæðislegum stórleik á heimsmælikvarða.

Marvel-myndasöguheimurinn er svo algert himnaríki í mínum huga og Netflix-þættirnir sem spunnir eru þaðan eru í algeru uppáhaldi. The Punisher og Daredevil eru auðvitað bestir en á meðan maður býður eftir meiri Punisher er í góðu lagi að dóla sér í gegnum aðra seríu af Luke Cage.

Fyrsta serían var geggjuð, magnað blaxploitation nýrrar aldar. Þessi heldur ekki alveg sama dampi en skemmtilegt er þetta. Og ofbeldisfullt sem betur fer.

Tvítugur sonur minn, sem fékk ákaflega vandað glápuppeldi hjá okkur foreldrunum, tók mig síðan á beinið nýlega og skipaði mér að taka upp þráðinn þar sem ég hætti í miðri fyrstu seríu Better Call Saul og klára þá snilld í snarhasti og vinda mér svo í að vinna upp smá slaka í Arrested Development.

Ég væri að gera átakanlega lítið úr vönduðu uppeldi foreldranna ef ég gerði ekki eins og sonur minn segir mér í þessum efnum.“ ■

„Útvarpsmaðurinn sem gat ekki setið kyrr “

Ívar Guðmundsson, útvarpsmaður á Bylgjunni, hefur fylgt þjóðinni í fjölda ára í útvarpinu, en rödd hans hljómar alla virka morgna frá klukkan 10–13. Ívar er einnig eigandi Hámark, ásamt Arnari Grant, einkaþjálfari og margfaldur verðlaunahafi í fitness, auk þess að vera mikill áhugamaður um tónlist og tónleika.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Að ég borði aldrei óhollt eða nammi.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Næringarfræði, svo krakkar læri strax hvað sé gott fyrir þá og hvað ekki.

Ef þú þyrftir að eyða einni milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Veit ekki hvaða verslun en nýr stór flatskjár væri það fyrsta sem ég myndi kaupa og restin í hljómtæki og þar á meðal vínylplötuspilara.

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum? Jákvæður og hress þar til hann lést.

Sex ára barn spyr þig hvort jólasveinninn sé til. Hvernig svarar þú? Auðvitað er hann til.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja? Ég þekki þig með Sálinni.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? Útvarpsmaðurinn sem gat ekki setið kyrr.

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? Með allt á hreinu og Notting Hill, get alltaf horft á þær aftur og aftur.

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Netbolir og vera dökkbrúnn eftir ljósabekkjalegu.

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Myndböndum á netinu af óförum annarra, klassík.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta söludag? Já.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Ég heilsa öllum.

Ef þú mættir bæta við ellefta boðorðinu, hvernig hljómaði það? Ekki vera fáviti.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Miklar stunur í lyftingasal, en þær láta öðrum í kring líða illa.

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af? Þjóðhátíð 1986 þegar Stuðmenn trylltu alla í dalnum.

Ef þú yrðir handtekinn án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að þú hefðir gert af þér? Keyrt of hratt.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Batman.

Hvað myndirðu nefna landið okkar ef við þyrftum að breyta? Regnparadís.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Fallhlífarstökk, á það eftir.

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Geir Ólafsson í sturtu, myndirðu hringja í lögregluna? Nei, alls ekki, myndi spyrja hann hvort sturturnar í World Class Laugum væru bilaðar.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Koma næstu kynslóð upp sem góðum einstaklingum.

Hvað er framundan um helgina? Þjóðhátíð með unnustunni, hún skipar stóran sess í okkar lífi.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Er fyrirtækið þitt tilbúið fyrir nýju persónuverndarlögin?

Hafðu samband við okkur í gegnum DattacaLabs.com

Við hjálpum þínu fyrirtæki að aðlagast nýjum reglum og mótum ný tækifæri

DATTACA LABS
Þinn persónuverndarfulltrúi

Sjávarklasinn
Grandagarður 16
101 Reykjavík
contact@dattacalabs.com

Vinnum fyrir öll tryggingafélög

3 ára ábyrgð á framrúðu ísetningum

BÍLRÚÐU MEISTARINN

Sérhæft bílrúðuverkstæði með bílasmíðameistara

Dalvegi 18, Kópavogi / Sími: 571 1133 / brm@brm.is

Sími 445-9555

Glamúr HairDoo

Dalvegur 18

DV
3. ágúst 2018
30.. tölublað | 108. árgangur | Leiðbeinandi verð 995 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000
5 690710 111124

Giftar konur nota Tinder til að finna iðnaðarmenn

Stefnumótaforritið Tinder nýtur mikilla vinsælda en svo virðist sem ekki noti það allir til að komast í rómantísk kynni. Hafþór Gerhardt Hafþórsson er 32 ára gamall rafvirki sem hefur nóg að gera. Eðlilega fer hann ekki á Tinder til að finna sér vinnu heldur til að komast í kynni við hitt kynið. Hafþór skrifar eftirfarandi færslu um nýlega reynslu sína af stefnumótaforritinu:

„Matchaði“ við stelpu á Tinder rétt áðan. Hún: „Hæ. Ég er sko gift en vantar svo mikið rafvirkja til að laga hjá mér innstungu.“ Ég: Les skilaboðin og „unmatcha“ um leið. Sorglega staðreyndin er samt sú að þetta er ekki fyrsta skiptið. Er í alvöru svona erfitt að fá iðnaðarmenn?

> Ég er sko gift en vantar svo mikið rafvirkja til að laga hjá mér innstungu.

Í samtali við DV staðfestir Hafþór að hann hafi lent í viðlíka áður og hann þekki aðra iðnaðarmenn sem verði fyrir þessari reynslu, sérstaklega pípara. Að sögn Hafþórs er enginn að þessum konum í leit að stefnumóti:

„Þetta er bara leit að iðnaðarmönnum. Flestar í sambandi nú þegar, sumar af þeim giftar og einn pípari lenti á lesbíu sem vantaði pípara,“ segir Hafþór. Rétt er að taka fram að ekki er hægt að panta þjónustu hans sem rafvirkja á Tinder en hann er opinn fyrir stefnumótum.

Stólpípan og krossinn

Tveir stórir karakterar hittust á förnum vegi í vikunni, Gunnar Þorsteinsson, áður forstöðumaður trúfélagsins Krossins, og Ómar Ragnarsson, fjölmiðlamaður og skemmtikraftur. Fór vel á með þeim og henti sá síðarnefndi þá fram stöku, líkt og honum er tamt, um Gunnar og konu hans Jónínu Benediktsdóttur sem stýrði detox-meðferðarstofnun í Póllandi.

Gunnar taldi stökuna varla birtingarhæfa en tók hana þó upp á myndband og deildi.

Er hún svohljóðandi:

Þau elskast heitt í sérhvert sinn,
sætur ástarblossinn,
þegar að mætast
stálin stinn,
stólpípan og
krossinn.

Þekktasti frasi Íslendinga hluti af orði vikunnar hjá MIT

Útgáfufélag MIT var í júlí með fastan lið hjá sér, Orð vikunnar (Word of the Week), þar sem birt voru orð úr bók Tim Lomas, Translating happiness. Í bókinni skoðar hann 400 orð úr 80 tungumálum og skilgreinir þrjá grunnþætti í líðan fólks: tilfinningar, sambönd og persónulega þróun.

Þetta reddast.
Icelandic / phrase / /ˈθaːtˌreɪ̯ðast / /tha-ta-reh-dst/
"It will all work out ok" (used especially when things don't look overly optimistic).

Og hvað er betra en að enda þennan fasta lið hjá MIT með íslenska frasanum Þetta reddast, sem við Íslendingar notum óspart hvenær sem við á, hvort sem það er í vinnu, einkalífinu, fjármálum eða samböndum.

MIT segir svo á Facebook-síðu sinni: „This time we learn from Icelands optimism (Í dag lærum við af bjartsýni Íslendinga).